

# Hagtíðindi

Statistical Series

Greinargerð

12. september 2023

## Manntal 31. janúar 1981

Census 31 January 1981

**Efnisyfirlit**

Formáli.....	5
1. Inngangur.....	6
1.1. Manntöl á Íslandi .....	6
1.2. Tilhögun og framkvæmd manntals 1981 .....	7
1.3. Um greinargerðina .....	8
2. Úrvinnsla manntalsins.....	8
2.1. Stutt lýsing á úrvinnslu manntalsins .....	8
2.2. Hvað fór úrskeiðis? .....	9
2.3. Val á skýrslum .....	11
2.3.1. Val á heimili/íbúð .....	11
2.3.2. Val á einstaklingsskýrslum 13 ára og eldri .....	13
2.4. Samanburður við þjóðskrá og mat á gæðum .....	15
2.5. Tilreiknun .....	17
2.6. Mat á gæðum manntalsins 1981.....	18
2.6.1. Nákvæmni og áreiðanleiki.....	18
2.6.2. Samræmi og samanburðarhæfni.....	19
3. Greinargerð um manntalsatriðin .....	20
3.1. Efnisatriði manntalsins .....	20
3.2. Efnisatriðin á eyðublöðunum og í þjóðskrá .....	20
3.2.1. Íbúðarskýrsla (rauð).....	20
3.2.2. Einstaklingsskýrsla fæddir 1968 eða fyrr (græn).....	22
3.2.3. Hússkýrsla (grá).....	23
3.2.4. Þjóðskrá.....	24
4. Yfirlit yfir efnisatriði og samanburður við fyrri manntöl .....	24
4.1. Einstaklingar .....	24
4.1.1. Heimilisfesti eða vanaleg búseta.....	25
4.1.2. Kynferði .....	26
4.1.3. Aldur .....	26
4.1.4. Þéttbýlisstaðir og byggðarstig .....	27
4.1.5. Ríkisfang.....	28
4.1.6. Fæðingarland .....	29
4.1.7. Bakgrunnur .....	29
4.1.8. Trúfélagsaðild .....	29
4.1.9. Hjúskaparstétt og hjúskaparstaða.....	29
4.1.10. Staða í fjölskyldukjarna .....	30
4.1.11. Staða á heimili .....	30

4.1.12.	Húsnæðisfyrirkomulag.....	30
4.1.13.	Vensl við viðmiðunareinstakling.....	30
4.1.14.	Tegund stofnanaheimilis.....	31
4.1.15.	Virkni á vinnumarkaði.....	31
4.1.16.	Atvinnustétt.....	34
4.1.17.	Atvinnugrein.....	34
4.1.18.	Starfsstétt.....	35
4.1.19.	Stig hæstu menntunar.....	37
4.1.20.	Svið hæstu menntunar.....	38
4.2.	Fjölskyldur.....	38
4.2.1.	Flokkun í fjölskyldur.....	38
4.2.2.	Tegund og stærð fjölskyldu.....	39
4.3.	Heimili.....	39
4.3.1.	Tegund og stærð heimilis.....	40
4.3.2.	Umráð yfir íbúð.....	40
4.3.3.	Aðgengi að fólksbifreið.....	40
4.3.4.	Fjöldi fullorðinna (18-67 ára) á heimilinu með vinnu.....	40
4.4.	Híbýli.....	41
4.4.1.	Tegund vistarvera.....	41
4.4.2.	Nýting venjulegra íbúða.....	42
4.4.3.	Eignarhaldsform.....	42
4.4.4.	Tala íbúa.....	42
4.4.5.	Fjöldi herbergja.....	42
4.4.6.	Þröngbýli.....	43
4.4.7.	Íbúðir eftir tegund byggingar.....	43
4.4.8.	Byggingartími.....	43
4.4.9.	Lyfta.....	43
4.4.10.	Vatnsveita.....	43
4.4.11.	Baðaðstaða.....	43
4.4.12.	Salernisaðstaða.....	44
4.4.13.	Miðstöðvarhitun.....	44
4.5.	Staðföng.....	44
4.5.1.	Hnitsetning.....	44
4.5.2.	Reitir (1 km <sup>2</sup> og 100 m <sup>2</sup> ).....	45
5.	Aðrir efnispættir sem eru ósambærilegir manntölum 2011 og síðar.....	45
5.1.	Einstaklingar.....	45

5.1.1.	Fjöldi lifandi fæddra barna.....	45
5.1.2.	Búseta 1980, 1976, 1971 og 1961 .....	45
5.1.3.	Heimilisstörf .....	45
5.1.4.	Atvinna í manntalsvikunni.....	46
5.1.5.	Ferðir til og frá vinnustað í manntalsvikunni .....	46
5.1.6.	Meginframfærsla .....	46
5.1.7.	Lífeyrissjóðir .....	46
5.1.8.	Starfshlutfall og rekstrarform vinnuveitanda .....	46
5.1.9.	Aukastarf .....	46
5.2.	Heimili og hífýli .....	47
5.2.1.	Staðsetning í húsinu .....	47
5.2.2.	Önnur herbergjanotkun.....	47
5.2.3.	Eldhús og eldunaraðstaða.....	47
5.2.4.	Heimilistæki.....	47
5.2.5.	Byggingarefni .....	47
5.2.6.	Upphitun .....	47
5.2.7.	Rafmagn, vatn, skólp og sorp .....	47
5.3.	Húsið.....	47
5.3.1.	Fjöldi hæða og íbúða.....	48
5.3.2.	Kjallarar, ris og aukaherbergi.....	48
6.	Önnur manntöl .....	49
7.	Viðaukar.....	50
7.1.	Reglur um val á heimili .....	50
7.2.	Reglur til að vinna úr fjölskyldugögnum.....	51
7.3.	Eyðublöð manntalsins .....	53

## Formáli

Í þessari greinargerð er niðurstöðum manntalsins 31. janúar 1981 gerð skil í fyrsta sinn frá því það var tekið. Mistök við undirbúning og ófyrirséður kostnaður við úrvinnslu á manntalinu leiddu til þess að ekki reyndist unnt að ljúka útgáfu þess á sínum tíma. Það hefur því legið óhreyft í gagnagrunnum Hagstofunnar frá síðustu aldamótum. Það er hins vegar ekki seinna vænna að freista þess að gefa manntalið út nú meðan enn er starfsfólk á Hagstofunni sem þekkir til gagnanna.

Manntalið 31. janúar 1981 var tekið með hefðbundnum hætti en þá höfðu liðið 20 ár frá næsta manntali á undan. Manntalið 1970 féll niður þar sem talið var að upplýsingar úr nýjum allsherjarskrám, s.s. þjóðskrá, fasteignaskrá og fyrirtækjaskrá, gætu nýst til þess að nálgast upplýsingar sem annars fengjust úr hefðbundnu manntali. Það gekk ekki eftir og mikilvægar upplýsingar skorti um samfélagið. Ný lög voru sett um manntal 31. janúar 1981 í stað eldri laga frá 1920. Þótt vel hafi gengið að safna gögnum reyndist úrvinnsla úr þeim Hagstofunni mun erfiðari en búist hafði verið við.

Skráningu manntalsins var að mestu lokið á næstu sjö árum eftir að manntalið var tekið. Þá tók við vinna við leiðréttingar og afstemmingar sem reyndist mun flóknari en ráð hafði verið gert fyrir. Árið 2000 var vinnu við manntalið að mestu lokið og fátt eftir nema lokayfirferð og útgáfa. Þá þótti hins vegar ekki nægileg ástæða til að leggja í þá vinnu, tveimur áratugum frá manntalsdegi, enda lítill tilgangur annar en sögulegur auk þess sem ekki var loku fyrir það skotið að nýir erfiðleikar kæmu upp sem gætu tafið útgáfuna enn frekar. Það hefur þó alltaf legið þungt á Hagstofunni, forystu hennar jafnt sem starfsmönnum, að ekki hafi tekist að ljúka við frágang og útgáfu manntalsins frá 1981.

Gerð manntala á 10 ára fresti hófst að nýju á Íslandi árið 2011 í samræmi við samninginn um evrópska efnahagssvæðið. Við undirbúning manntalsins 2021 var þeirri hugmynd velt upp hvort ekki mætti birta efni úr manntalinu 1981 þótt ekki væri nema til að bæta í sögulegar tímaraðir. Þá hefði manntalið 31. janúar 1981 eins konar skuggatilvist sem dálkur í útgáfu manntalsins 2021.

Í ársbyrjun 2022 var ráðist í að skoða hversu vel gögnin frá 1981 væru hæf til slíkrar birtingar. Í ljós kom að manntalið 1981 hefur að geyma efnisatriði sem eru sambærileg við meginhlutann af þeim upplýsingum sem birtar eru í manntalinu frá 2021. Helsti munurinn lá í skilgreiningum á fjölskyldum og staðsetningu heimilisfanga, en hvorutveggja var leysanlegt. Að öðru leyti var tiltölulega auðvelt að laga eldri skilgreiningar að sundurliðunum manntalsins 2021 eða nýta ný gögn, t.d. nýjan gagnagrunn Hagstofunnar um menntun landsmanna sem nær aftur til 1980. Það var þá ekkert því til fyrirstöðu að taka saman manntalið 31. janúar 1981 með sömu eða svipuðum skilgreiningum og sundurliðunum og í manntalinu 2021. Með þessari greinargerð er manntalinu frá 1981 þannig loksins komið formlega til skila.

Fjölmargir hafa komið að gerð manntalsins 31. janúar 1981 en margir þeirra eru nú látnir. Sérstaklega ber að nefna Guðna Baldursson sem stýrði verkinu í upphafi en frá 1987 hafa Sigrún Helgadóttir, Ólafur Kr. Valdimarsson og Ómar S. Harðarson leitt það. Þeim, og öllum öðrum sem hafa komið að gerð manntalsins, ber að þakka framlag þeirra. Það var ekki á þeirra ábyrgð að svo fór sem fór. Þá ábyrgð ber Hagstofan ein.

Hallgrímur Snorrason, fyrrverandi Hagstofustjóri, og Sigrún Helgadóttir reiknifræðingur voru svo vinsamleg að lesa yfir handrit að þessari greinargerð. Þau bentu á margt sem betur mátti fara og réttara væri. Hagstofan vill þakka þeim sérstaklega fyrir framlag þeirra.

Reykjavík, 12. september 2023  
Hrafnhildur Arnkelsdóttir  
Hagstofustjóri

## 1. Inngangur

### 1.1. Manntöl á Íslandi

Manntöl eru tekin til þess að afla grundvallarupplýsinga um fólkið í landinu og lífsskilyrði þess á tilteknum tíma. Fyrsta manntal var tekið á Íslandi 1703 og stóðu Árni Magnússon og Páll Vídalín fyrir því. Það er hið fyrsta í heiminum sem tekur til heils lands og hefur varðveist. Síðan var ekki tekið manntal á Íslandi fyrr en 1762, og svo 1769, 1785 og 1801. Manntal var síðan tekið reglulega á 5 ára fresti árin 1835 – 1860, en eftir það á 10 ára fresti til 1960.

Manntöl eru svo mikilvæg undirstaða allrar vitneskju um stöðu þjóðar, að bæði Þjóðabandalagið gamla og arftaki þess, Sameinuðu þjóðirnar, hafa staðið fyrir alþjóðlegu samstarfi um manntöl, til hvaða efnis þau skuli taka, hvernig ýmis hugtök skuli skýrgreind, o.s.frv., og síðast en ekki síst hvenær þau skuli taka. Alþjóðasamstarfið nær þó lengra aftur. Á 19. öldinni var efnt til alþjóðlegra ráðstefna 1853 til 1876 þar sem manntöl voru aðalumræðuefnið. Alþjóðlega tölfræðistofnunin (ISI) var síðan sett á laggirnar 1885 en henni var ætlað að stuðla að samræmingu tölfræðiaðferða og framsetningu þeirra auk þess að halda ráðstefnur eftir þörfum.<sup>1</sup>

Heimastjórnin tók við framkvæmd manntalsins 1910 í stað stjórnvalda í Kaupmannahöfn. Árið 1914 var Hagstofunni svo falið það verkefni að taka manntöl með lögum um Hagstofuna en sérstök lög um manntöl voru sett árið 1920 sem kváðu m.a. á um reglulega töku allsherjarmanntala.

Sérstakri vélsþjaldskrá yfir alla landsmenn var komið á með bráðabirgðalögum nr. 58 10. september 1952 um manntal 16. október 1952. Þjóðskrá, sem sérstakri deild innan Hagstofunnar, var síðar komið á laggirnar með lögum nr. 31 27. mars 1956 um þjóðskrá og almannaskráningu. Manntal var tekið 1. desember á hverju ári 1920 – 1960 eins og lög gerðu ráð fyrir en ekki 1970 þar sem ráðgert hafði verið á 7. áratugnum að breyta framkvæmd manntala þannig að þau byggðust á skráum einkum þjóðskrá, fasteignaskrá og fyrirtækjaskrá en hætt yrði við þá dýru framkvæmd sem allsherjarmanntöl voru. Ráðherra var því gefin heimild í 12. gr. laga um fyrirtækjaskrá nr. 62 28. maí 1969 að fella niður reglubundið manntal 1970:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að í stað manntals árið 1970 samkvæmt lögum nr. 4/1920 skuli, með aðstoð fyrirtækjaskrár og þjóðskrár, fara fram athugun á mannafla þjóðarinnar til atvinnustarfa á þessu ári, með þeim hætti, sem Hagstofan ákveður í samráði við aðra opinbera aðila, sem mál þetta snertir.

Þessi áform gengu ekki eftir né heldur voru mikilvægar upplýsingar um atvinnu, menntun eða húsnæði tiltækar stjórnvöldum. Því var á árinu 1980 ákveðið að taka allsherjarmanntal eins og verið hafði en það skyldi þó koma til framkvæmda 31. janúar 1981. Samkvæmt lögnum um manntal frá 1920 hefði átt að taka manntal 1. desember 1980 en manntalstímanum var nú breytt af tveimur ástæðum: Spurningar um atvinnu o.fl. tóku til alls ársins 1980 og svo lágu íbúaskrár 1980 samkvæmt þjóðskránni fyrst fyrir í ársbyrjun 1981 en þær voru notaðar til þess að auðvelda framkvæmd manntalsins.

Til að breyta manntalsdegi þurfti lagabreytingu og þá var talið heppilegt að breyta framkvæmdinni allri miðað við gerbreyttar aðstæður frá 1920. Þar sem fyrirséð var að tækninni og stafrænni gagnasöfnun myndi sem fyrr fleygja hratt fram var ákveðið að fella eldri löggjöf úr gildi.

Manntalið 31. janúar 1981 var tekið í samræmi við lög nr. 76 19. desember 1980. Þessi lög voru sérlög því með þeim voru felld úr gildi lög nr. 4 18. maí 1920 sem kváðu á um að manntöl skyldi taka á 10 ára fresti á heilum áratug.

Lögin nr. 76/1980 voru í anda eldri laga en þó voru þar all nokkrar nýjungar sem tíundaðar verða síðar.

<sup>1</sup> Nico Randeraad. States and statistics in the nineteenth century. Europe in numbers. Manchester University Press, Manchester, 2020. <https://library.oapen.org/handle/20.500.12657/44061> [sótt á vefinn 20.8.2022].

## 1.2. Tilhögun og framkvæmd manntals 1981

Framkvæmd manntalsins var í höndum sveitarstjórna um allt land en áður hafði sóknarprestum og hreppsstjórum í hreppum landsins verið falin framkvæmdin og bæjarstjórnunum í kaupstöðum.

Árið 1960 var eitt stórt eyðublað notað með flóknum útskýringum. Árið 1981 voru aðaleyðublöðin þrjú, hvert með sínum lit:

- Eyðublað íbúðarskýrslu (rautt): Á þetta eyðublað skyldi telja upp alla sem áttu sólarhringsdvöl í viðkomandi íbúð eða vistarveru hinn 31. janúar 1981. Spurt var auk þess um tengsl við aðra í íbúðinni en á bakhlið eyðublaðsins voru skráðar upplýsingar um íbúðina, herbergjafjölda og tækjavæðingu.
- Eyðublað einstaklingsskýrslu (grænt): Á þessu eyðublaði skyldi gera grein fyrir sérhverjum einstaklingi fæddum 1968 eða fyrr. Spurt var um búferlaflutninga frá síðasta manntali, sambúðarform, barneignir, menntun, skóla, þátttöku í heimilisstörfum, ferðalög til og frá vinnu, atvinnuþátttöku, atvinnugrein og starf.
- Eyðublað hússkýrslu (grátt): Á hússkýrsluna voru færðar upplýsingar um öll hús sem búið var í 31. janúar 1981 svo og um öll hús sem ætluð voru til íbúðar að einhverju eða öllu leyti en ekki var búið í á manntalsdegi.

Í vikunni fyrir manntalsdag var einstaklingseyðublaðinu dreift í allar íbúðir og íbúar beðnir að fylla það út fyrir hvern og einn 13 ára og eldri. Einu eintaki af hússkýrslunni var dreift í tiltekna íbúð í hverju húsi. Sveitarfélögin gerðu svo út sveit fólks á manntalsdegi, svokallaðra teljara. Hlutverk þeirra á manntalsdegi var að fara yfir einstaklingseyðublöðin í viðurvist heimilismanna og kanna hvort þau væru formlega rétt útfyllt en auk þess að fylla út íbúðarskýrsluna.

Teljari fyllti út íbúðareyðublaðið en hússkýrsluna átti húseigandi, forsvarsmaður húsfélags eða annar ábyrgur aðili að fylla út. Ekki var gert ráð fyrir að teljarar gengju sérstaklega eftir hússkýrslunni en þeir skyldu taka við henni væru þeir beðnir um þá fyrirgreiðslu. Sveitarfélögin sáu svo um að safna saman hússkýrslunum.

Þátttaka almennings í manntalinu var afar mikil. Aðeins um hálf prósent landsmanna neitaði að taka þátt en auk þess vantaði einstaklingseyðublað fyrir 0,7% landsmanna. Því voru til skýrslur um 98,8% þjóðarinnar sem voru fylltar út af viðkomandi einstaklingum eða öðrum sem bjuggu á sama heimili (Tafla 1.1).

TAFLA 1.1.

### Þátttaka almennings í framkvæmd manntalsins 31. janúar 1981

	Heildarfjöldi			Af hverjum 1.000 íbúum		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Alls	226.587	114.150	112.437	1.000	1.000	1.000
Svara sjálfir	207.364	104.139	103.225	915	912	918
Aðrir svöruðu	16.538	8.471	8.067	73	74	72
Neita að fylla út	1.195	723	472	5	6	4
Skýrslur skotið inn af Hagstofu	1.490	817	673	7	7	6

### 1.3. Um greinargerðina

Ómar S. Harðarson ritstýrði eftirfarandi greinargerð. Auk hans lögðu eftirfarandi til efni í gegnum eldri, óbirtar greinargerðir eða minnisblöð: Ólafur Kr. Valdimarsson, Sigrún Helgadóttir og Guðni Baldursson. Skilgreiningar á hugtökum sem varða breytur í manntalinu 2011 og síðar eru teknar að mestu óbreyttar upp úr evrópulöggjöfinni, einkum reglugerð ESB 2017/543.<sup>2</sup>

## 2. Úrvinnsla manntalsins

### 2.1. Stutt lýsing á úrvinnslu manntalsins

Manntalið var tekið í lok janúar 1981. Sveitarfélög sáu um dreifingu manntalseyðublaða og skipulögðu sveitir teljara sem fóru í hvert hús á sunnudeginum eftir manntalsdag, innheimtu skýrslur og fóru yfir þær með heimilismönnum. Í Reykjavík einni gengu 1.230 teljarar í hús.<sup>3</sup> Í vikunni áður birtu flest dagblöðin nákvæmar leiðbeiningar um manntalið og hvernig ætti að fylla eyðublöðin út.

Unnið var úr skýrslunum á Hagstofunni. Bæði þurfti að flokka skýrslurnar, setja í rétta röð eftir heimilisfangi og merkja þær. Á einstaklings- og íbúðarskýrslur var skráður fæðingardagur einstaklinga en fæðingarnúmer var fundið á Hagstofunni úr íbúaskrá og fært inn á skýrslurnar. Úr íbúaskrá Þjóðskrár fengust einnig númer fyrir hús og íbúðir og voru þau skráð á hús- og íbúðarskýrslur. Skýrslum var síðan skipt upp og raðað í sérstaka kassa. Einstaklingsskýrslur voru geymdar sér, íbúðarskýrslur sér og hússkýrslur sér. Hús- og íbúðarskýrslum var raðað eftir sveitarfélagsnúmeri, götunúmeri og húsnúmeri. Þó svo að einstaklingsskýrslur hafi ekki verið auðkenndar með íbúðarnúmeri var þeim raðað í sömu röð og íbúðar- og hússkýrslum.

Einstaklingsskýrslur voru síðan teknar til vélskráningar í tveimur umferðum. Í fyrri umferð var skráð það sem þótti liggja beint við en í síðari umferð voru færðir inn kótar fyrir menntun, skólagöngu og atvinnugrein og starfsstétt. Allir kótar voru fyrst færðir inn á eyðublöðin í sérstakan dálk hægra megin á eyðublaðinu. Fyrri umferð vélskráningarinnar hófst árið 1982 en hin síðari 1984. Síðustu hússkýrslum var skilað fullskráðum á miðju ári 1986.

Hluti vélskráningar fór fram á Hagstofunni (einstaklingsgögn), hluti hjá SKÝRR (hússkýrslur) og hluti hjá Tölvuþjónustunni (íbúðarskýrslur). Fyrsta úrvinnsla fór fram í tölvum Reiknistofnunar Háskólans.

Gögn voru vélskráð á sveigjanlega disklinga sem eru 5¼ þumlungar að stærð. Þessir disklingar eru löngu úreltir en gögn voru flutt á aðra miðla, fyrst diska Reiknistofnunar og síðan í tölvukerfi Hagstofu. Skráningu einstaklingsskýrslna var að mestu lokið á árinu 1986.

Haustið 1987 hófst átak til þess að ganga frá manntalsgögnunum og útbúa til birtingar. Í fyrstu fór úrvinnslan fram í tölvum Reiknistofnunar. Skrifuð voru Fortran-forrit til þess að framkvæma villuleit og samræmingu fyrir einstök eyðublöð. Leitað var að ólöglegum kótum og ósamræmi á milli svara.

<sup>2</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/543 frá 22. mars 2017.

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32017R0543.pdf> sótt 30.7.2022

<sup>3</sup> Þjóðviljinn, 28. janúar 1981.



Það tafði fyrir að megnið af gögnunum hafði einungis verið skráð einu sinni<sup>4</sup> og því fundust bæði skráningar- og kótunarvillur. Fæðingarnúmer (kennitölur) voru yfirfarin vandlega en töluvert var um misskráningu þeirra. Þetta átti einnig við um hús- og íbúðarnúmer.

Mesta vinnan 1987 og síðar fór í að tryggja að hús, íbúðir og fólk væru rétt tengd saman. Þetta var umfangsmesta villuleitin og var ekki möguleg fyrr en búið var að koma gögnunum fyrir í Oracle-gagnasafni innan Hagstofunnar snemma árs 1988. Þá var unnt að finna hvort fullt samræmi væri á milli einstaklings-, íbúðar og hússkýrslna. Í þeim athugunum kom í ljós að bæði höfðu skýrslur og kassar ekki skilað sér auk þess sem hlaupið hafði verið yfir heilu bunkana og þurfti þá að vélskrá það sem á vantaði. Þessar skýrslur voru skráðar á Hagstofunni.

Fram til sumars 1996 náðist að mestu að tengja saman gögnin, leysa úr misfellum, leiðrétta skráningar og skipuleggja vinnugögn. Þá var úthaldi Hagstofunnar lokið í bili, starfsmenn fluttir til í önnur verkefni og ekki tókst að ljúka við manntalið 1981 til birtingar.

Árið 1999 var enn gert átak til að fara yfir gögnin, leysa úr rökfræðilegum göllum og meta hvort manntalið væri birtingarhæft. Greinargerð um þá vinnu með lýsingum á manntalinu 1981 liggur til grundvallar þessari greinargerð.

Frá árinu 2001 hafa gögn manntalsins 1981, bæði eyðublöð og tölvutæk gögn, legið að mestu ósnert. Ákveðið var með lögum nr. 77 28. maí 2014 um opinber skjalasöfn að Hagstofunni væri heimilt að afhenda Þjóðskjalasafninu eyðublöð manntalsins til varðveislu sem var og gert. En tölvuskráð gögn voru geymd áfram í tölvukerfi Hagstofunnar.

Í tengslum við gerð manntalsins 2021 tók ritstjóri þessarar greinargerðar að sér í hjáverkum að vinna frekar þau efnisatriði sem beinlínis höfðu samsvörun við manntölin 2011 og 2021 en þau eru bæði byggð á stjórnáskráningu og gögnum í varðveislu Hagstofunnar. Í greinargerðinni sem hér fylgir er stundum minnst á „lokavinnslu manntalsins“. Þá er átt við þessa vinnu sem hófst fyrri hluta ársins 2022.

Við lokavinnsluna 2022 komu í ljós nokkrir hnökrar, einkum á auðkennum fólks og fjölskyldustöðu sem ekki höfðu verið leiðréttir áður. Í ljós kom m.a. að snemma í ferlinu hafði kennitala verið útbúin með réttum hætti fyrir óskráða 263 einstaklinga af erlendum uppruna án þess að sú kennitala væri skráð í þjóðskrá. Ennfremur var leyst úr helstu göllum á skráningu tengsla innan heimilis þannig að sem réttust mynd fengist af fjölskyldustöðu.

Notast var við menntunarskrá Hagstofunnar sem nær aftur til 31. janúar 1981 til að meta menntun landsmanna í manntalinu en menntunarspurningarnar ekki flokkaðar upp á nýtt. Menntunarskráin byggir á manntalinu 1981 en hefur auk þess getað nýtt útskriftarupplýsingar úr mörgum skólum frá því fyrir 31. janúar 1981 sem hafa auðgað og bætt matið á menntunarstiginu. Með því að nýta menntunarskrána fæst fyrst og fremst ágætur samanburður við manntölin 2011 og síðar.

## 2.2. Hvað fór úrskeiðis?

Í fjárlögum sem samþykkt voru í desember 1980 var gert ráð fyrir sérstökum lágum framlögum til Hagstofunnar til að vinna úr manntalinu. Í nefndaráliti meirihluta fjárveitingarnefndar segir að laun og sérstaklega rekstrargjöld séu hækkuð frá því sem áður var:

---

<sup>4</sup> Á þessum tíma tíðkaðist á Hagstofunni og oftast í skráningarvinnu að gögn væru tvískráð af tveimur starfsmönnum. Fyrri starfsmaður frumskráði og sá seinni endurskráði. Vélarnar gerðu athugasemd ef endurskráning var ekki í samræmi við frumskráningu. Með þessu móti var nákvæmni skráningar mun betri en ef einungis var frumskráð.

Sýnt er að stofnunin mun ekki nota um 33.000 þús. kr. af fjárveitingu ársins 1980, sem var ætluð til sérstakra tímabundinna verkefna, og er þessi hækkun ætluð til að ljúka verkefnum.<sup>5</sup>

Engu að síður lækkuðu framlög ríkissjóðs á fjárlögum 1981 til aðalskrifstofu Hagstofunnar á föstu verðlagi um 13% frá árinu áður.<sup>6</sup> Það ber þó að taka slíkum tölum með fyrirvara. 1980 var gríðarleg verðbólga sem gerði allar áætlanir erfiðar. Mestu máli skipti að með fjárlögum 1980 var Hagstofunni heimilað að ráða starfsfólk til að vinna sérstaklega að manntalinu. Samkvæmt starfsmannagögnum Hagstofunnar voru tveir starfsmenn ráðnir í október 1980 og aðrir tveir í mars og apríl 1981 sem unnu að manntalinu.

Í vélrituðu en óundirrituðu skjali í vinnugögnum manntalsins 1981, dags. 18.11.1980, sem ber titilinn „Púnktar, er nota mætti til framsögu með frumvarpi til laga [...] 31. janúar 1981“ segir svo um væntan kostnað Hagstofunnar:

Að því er varðar kostnað við manntalið skal það upplýst, að hann er í ár um 11 millj.kr. hjá Hagstofu, þar af 10 millj.kr. prentkostnaður eyðublaða manntalsins. Á fyrstu mánuðum 1981 bætast við þetta ýmis óhjákvæmileg útgjöld vegna framkvæmdar manntalsins, en sveitarfélög eiga að bera allan kostnað vegna hennar heima fyrir. Svo koma aukin útgjöld Hagstofu til vinnulauna vegna úrvinnslu manntalsins, og er í fjárlagafrumvarpi 1981 gert ráð fyrir nokkurri aukafjárveitingu til þess, en hún er ekki há, því að við úrvinnslu manntalsins kemur að veralegu [svo!] leyti til starfa fólk af föstu starfsliði Hagstofunnar. – Að svo stöddu eru engin tök á að upplýsa neitt um væntanleg útgjöld sveitarfélaga vegna framkvæmdar manntalsins.<sup>7</sup>

Manntalið 1981 kom ekki aftur við sögu í fjárlagagerð fyrr en 1986. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir sérstöku átaki til að ljúka við manntalið. Í greinargerð með frumvarpinu segir:

Hækkun annarra gjalda vegna reksturs umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist af hækkun rafreikniþjónustu og útgáfukostnaðar frá fjárlögum 1986 enda er ráðgert að vinna af kappi við úrvinnslu gagna úr manntalinu frá 1981.<sup>8</sup>

Í fjárlögum ársins 1988 er gert ráð fyrir framlagi til útgáfu á manntalinu,<sup>9</sup> en ekki er minnst á framlög vegna manntalsins í frumvarpi til fjárlaga árið eftir.<sup>10</sup>

Ekki verður önnur ályktun dregin en að Hagstofan hafi frá öndverðu vanmetið hvað hefði þurft að leggja fram af hennar hálfu til vinnu við manntalið. Miðað við fyrri manntöl jók það til muna flækjustigið að unnið var úr þremur eyðublöðum í stað eins. Eyðublöð voru auk þess vélskráð á tveimur stöðum utan Hagstofunnar. Þetta leiddi til misræmis og mistaka og jafnvel til þess að eyðublöð fóru á flakk eða tengsl á milli þeirra riðluðust. Ekki bætti úr skák að upplýsingar um skyldmenni sem dvöldust erlendis voru skráð á eyðublöðin en það jók mjög hættuna á tvítalningu.

<sup>5</sup> Alþingi, 103. löggjafarþing, 1. mál, þskj. 222. Nefndarálit. <https://www.althingi.is/altext/103/s/pdf/0222.pdf>. [Sótt á vefinn 28. maí 2022]

<sup>6</sup> Alþingi, 103. löggjafarþing, 1. mál, þskj. 1. Frumvarp til fjárlaga <https://www.althingi.is/altext/103/s/pdf/0001.pdf>. [Sótt á vefinn 28. maí 2022]

<sup>7</sup> Óundirritað minnisblað, dagsett 18. nóvember 1980.

<sup>8</sup> Alþingi, 109. löggjafarþing, 1. mál, þskj. 1. Frumvarp til fjárlaga <https://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0001.pdf>. [Sótt á vefinn 28. maí 2022]

<sup>9</sup> Alþingi, 110. löggjafarþing, 1. mál, þskj. 1. Frumvarp til fjárlaga <https://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0001.pdf>. [Sótt á vefinn 28. maí 2022]

<sup>10</sup> Alþingi, 111. löggjafarþing, 73. mál, þskj. 75. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1989 <https://www.althingi.is/altext/pdf/111/s/0075.pdf>. [Sótt á vefinn 28. maí 2022]

Það var ekki fyrr en 1987 að ráðinn var sérfræðingur sérstaklega til þess að vinna úr manntalinu og horfið frá því að vinna manntalið meðfram öðrum reglulegum störfum Hagstofunnar. Sú vinna stóð til sumarsins 1996. Enn var reynt að ljúka verkinu með átaki í lok aldarinnar en aftur varð frá að hverfa áður en náðist að hefja útgáfuferli.

Á 10. áratugnum var eftirvænting almennings eftir manntalinu verulega farin að dvína og áhugi Hagstofunnar takmarkaður á að birta ítarlegt talnaefni sem þá hafði aðeins sögulegt gildi. Það á enn frekar við eftir aldamótin þegar vinnu við manntalið var hætt nema hvað eyðublöðum manntalsins var komið fyrir til endanlegrar varðveislu í Þjóðskjalasafninu með lagabreytingu 2014.<sup>11</sup>

Þegar átakið 1987 hófst var of mikið ógert til að áform um útgáfu á næstunni næðu fram að ganga. Jafnvel þá var umfang verkefnisins verulega vanmetið. Að lokum reyndist þurfa meira en 13 mannrá til þess að koma skikki á gögnin.<sup>12</sup> Þessu var ekki hægt að halda áfram út í hið óendanlega en aðalskrifstofa Hagstofunnar var fámenn á þessum tíma og því var starfskröftum við manntalið beint í aðra farvegi þegar aðstæður kölluðu á nýja forgangsröðun.

### 2.3. Val á skýrslum

Ein færsla var skráð fyrir hvern einstakling sem var listaður upp á framhlið íbúðarskýrslunnar. Þar kom fram nafn (ekki skráð), fæðingardagur, hjúskaparstaða og innbyrðis tengsl á milli einstaklinganna í íbúðinni. Ef sami einstaklingur kom fram á annarri íbúðarskýrslu var hann líka skráður í þeirri íbúð. Þessar upplýsingar liggja til grundvallar sjálfri talningu mannfjöldans því börn undir 13 ára aldri voru eingöngu talin upp á þessari skýrslu.

Til að fá frekari upplýsingar um fullorðna einstaklinga þarf að leita í gögn sem skráð voru eftir svörum á einstaklingsskýrslunum sem fylltar voru út fyrir alla 13 ára og eldri. Gögn af einstaklingsskýrslum voru kótuð og skráð í tveimur umferðum. Í fyrri umferð voru gögn skráð sem höfðu þegar talnakóta á skýrslunni en í síðari umferð voru textasvæði flokkuð og flokkunarkótinn skráður.

Í mörgum tilvikum gátu legið fyrir fleiri en ein skýrsla um hvern einstakling. Þá þurfti að velja þá skýrslu sem talin var áreiðanlegust. Hér er gerð nánari grein fyrir því þessu vali.

#### 2.3.1. Val á heimili/íbúð

Upplýsingar bárust um alls 248.614 einstaklinga á framhlið íbúðarskýrslanna en þar af voru 17.881 tvítaldir einstaklingar og 2.853 búsettir erlendis. Hér er gerð grein fyrir hvernig staðið var að því að velja viðeigandi færslu.

<sup>11</sup> Lög nr. 77 28. maí 2014 um opinber skjalasöfn.

<sup>12</sup> Engar vinnuskýrslur liggja fyrir frá 1987 til 1996. Komist var að tölunni 12,5 mannrá með því að skoða starfshlutfall þeirra starfsmanna sem unnu beint að manntalinu og gera ráð fyrir öðrum verkefnum sem þeir báru ábyrgð á. Til viðbótar kom svo vinna sérfræðings í 1 ár árið 1999-2000 og vinna sérfræðings 2022 við lokavinnslu manntalsins. Samanlagt eru þetta um 13,5 mannrá.

TAFLA 2.1.

## Fjöldi einstaklinga á íbúðarskýrslum

	Fjöldi
Alls	248.614
Skýrsla valin	226.587
Hafnað í lokavinnslu v. breyttrar meðhöndlunar á námsmönnum og fólki í starfi erlendis	1.283
Skýrslu hafnað (tvítalningar)	17.804
Búsettur erlendis (eintaldir útlendingar)	2.786
Búsettur erlendis (tvítaldir útlendingar)	144



Einstaklingar gátu verið taldir fram á fleiri en einni íbúðarskýrslu, t.d. bæði í þeirri íbúð þar sem einstaklingur sagðist hafa lögheimili og einnig þar sem hann kann að hafa dvalið 31. janúar 1981. Einstaklingar merktu sjálfir við á eyðublaðið hvort umrætt heimili væri H: Lögheimili, D: Dvalarstaður eða E: viðkomandi búsettur erlendis. Þessar merkingar voru skráðar í vélskráningunni.

Fljótt kom í ljós að þessari skráningu á íbúðarskýrslur var verulega ábótavant. Sumir einstaklingar voru skráðir með mörg lögheimili, marga dvalarstaði eða skráðir með búsetu bæði á Íslandi og erlendis.

Ákveðið var að gefa sér ákveðnar forsendur eða reglur um það hvar ætti að staðsetja fólk eftir hinum ýmsu gögnum sem finna mátti í manntalinu. Ákveðið var að staðsetja þá sem hægt væri eftir sterkustu forsendunni vélrænt og svo þá sem eftir væru með næststerkustu forsendunni og svo koll af kolli þar til nægilega fáir væru eftir til að staðsetja með handvirku vali. Með þessu móti mætti fá bestu nálgun við raunverulega búsetu fólks í landinu.

Alls var litið til 16 reglna sem taldar eru upp í viðauka 7.1. Fyrsta reglan var einföld, ef viðkomandi kom aðeins fyrir á einni íbúðarskýrslu réði það heimilisskráningunni. Svo voru notaðar fleiri reglur, t.d. búseta erlendis látni ráða, börn undir 16 ára talin með foreldrum, makar taldir saman eða heimilið nær vinnustað valið ef fleiri en eitt heimili var gefið upp.

Um það má deila hvaða forsendur eigi að ráða við staðsetningu. Þær voru valdar með hliðsjón af því hvaða gögn voru til staðar og hversu traust þau máttu teljast. Ýmsar aðferðir og uppraðanir á forsendunum voru prófaðar og þótti sú sem valin var gefa líklegasta mynd. Eftir sem áður er um að ræða nálgun við hið raunverulega.

Til að gæta samræmis við skilgreiningar í manntalinu 2011 var ákveðið í lokavinnslu manntalsins 1981 að telja yrði námsmenn erlendis utan mannfjöldans og sömuleiðis fólk sem dvaldist erlendis vegna starfa sinna. Um var að ræða 995 námsmenn erlendis og 288 einstaklinga í starfi utan landsteinanna.

Ennfremur var staðsetningu 283 háskólanema og fjölskyldna þeirra breytt innanlands í samræmi við reglur manntalsins 2021 sem kveða á um að námsmenn í háskólanámi skuli telja á námsstað. Til voru skýrslur um þessa námsmenn á höfuðborgarsvæðinu sem hafði verið hafnað en voru nú endurvaktar. Ekki fundust hins vegar aukaskýrslur um 51 námsmann í háskólanámi sem skráður var til heimilis utan höfuðborgarsvæðisins og var það látið kyrrt liggja.

### 2.3.2. Val á einstaklingssýrslum 13 ára og eldri

Þeim sem voru fæddir 1968 eða fyrr var gert að fylla út einstaklingsskýrslur (grænar). Alls bárust tæplega 195 þúsund einstaklingsskýrslur en 180.310 voru taldir búsettir á Íslandi á manntalsdegi (sjá töflu 2.2). Af þeim voru 177.620 einstaklingar valdir í endanlegt þýði þar sem fæðingarár var þekkt og þeir fæddir fyrir 1969. Auk þeirra voru 390 útlendingar þar sem fæðingardagur var ekki þekktur. Af þessum 177.620 vantaði einstaklingsskýrslu fyrir fimm en engin nothæf einstaklingsskýrsla fannst fyrir þá sem ekki höfðu þekkt fæðingarár.

TAFLA 2.2.

#### Skráning og val einstaklingsskýrslna úr fyrri umferð skráningar

Einstaklingar fæddir 1968 og fyrr	Alls	Valin	Hafnað
Skýrslur alls	194.999	180.310	14.689
Ein skýrsla um einstakling	165.914	165.914	-
Tvítaldar og þrítaldar alls	29.085	14.396	14.689
Svaraði sjálf/ur	21.766	10.777	10.989
Val skv. einkunnargjöf	3.966	1.946	2.020
Val með öðrum hætti	3.353	1.673	1.680

#### 2.3.2.1. Fyrri umferð vélskráningar á einstaklingseyðublöð

Einstaklingsskýrslurnar voru vélskráðar í tveimur umferðum. Einfaldari skráningaratriði voru að meginhluta skráð í fyrri umferð en flokkanir á menntun, skólum, atvinnugreinum og starfsstéttum voru skráðar í síðari umferð. Alls voru skráðar 194.999 færslur og þar af voru 14.103 tvítaldar kennitölur og 293 þrítaldar kennitölur í fyrri umferð.

Í fyrri umferð var skráð hver svaraði skýrslunni og mætti ætla að áreiðanlegust gögn séu á þeirri skýrslu sem viðkomandi fyllir út sjálfur þegar fleiri en ein skýrsla finnst fyrir tiltekinn einstakling. Algengt var þó að viðkomandi svaraði engri skýrslu sjálfur eða svaraði jafnvel fleiri en einni. Þá mætti styðjast við fjölda atriða á skýrslunni sem var svarað. Því betur sem skýrslan væri fyllt út því líklegra var talið að hún væri rétt.

Þrjár meginforsendur voru notaðar við að velja skýrslu úr fyrri umferð þegar um fleiri en eina færslu var að ræða fyrir hverja kennitölu (sjá töflu 2.2). Í 10.777 tilvikum var notuð skýrsla svaranda, í 1.946 tilvikum var farið eftir því hversu vel skýrslan var fyllt út, í 1.635 tilvikum var skýrsla valin af handahófi enda báðar jafngóðar og í 38 tilvikum leysti sérfræðingur úr vandanum.

Kannað var hvort heppilegt væri að samnýta gögn af tveimur skýrslum. Slíkt hafði áður verið gert handvirkt fyrir allar skýrslur fyrir sömu kennitölu sem lágu saman í kassa og tilheyrðu sömu íbúð. Í ljós kom að vélræn samsuða á svörum af skýrslum, þegar t.d. svarandi svaraði annarri skýrslunni sjálfur en ættingi búsettur hinum megin á landinu hinni, myndi leiða til órökréttar útfyllingar á skýrslum sem gæti torveldað úrvinnslu. Þess vegna var horfið frá því ráði.

Engum skýrslum / færslum sem var hafnað var eytt úr skráningargögnum. Við úrvinnslu á einstökum spurningum mætti því sækja þær upplýsingar ef ástæða þætti til.

### 2.3.2.2. Seinni umferð vélskráningar á einstaklingseyðublöðum

Í síðari umferð var ekki skráð hver svaraði skýrslunni. Sá galli var líka á skráningunni að eingöngu var tengt á milli umferðanna tveggja með kennitölu. Ef sami einstaklingur var skráður á fleiri en eina skýrslu var því ekki auðvelt að tengja gögnin úr fyrri og seinni umferð skráningarinnar. Vandaðist því málið nokkuð við val á skýrslu úr síðari umferð.

Alls var skráð af 155.058 skýrslum í síðari umferð, þar af voru 8.526 með tví- eða þrítöldum kennitölum. Eingöngu voru skráðar flokkanir á skráningaratriðum úr fyrri umferð. Þess vegna var mikilvægt að valdar væru skýrslur fyrir rétta einstaklinga í þessari umferð.

TAFLA 2.3.

## Skráning og val einstaklingsskýrslna úr síðari umferð skráningar

Einstaklingar fæddir 1968 og fyrr	Alls	Valin	Hafnað
Alls	155.058	150.793	4.265
Ein skýrsla um einstakling	146.532	146.532	–
Tvítaldar og þrítaldar alls	8.526	4.261	4.265
- Kassanúmer	8.067	4.032	4.035
- Rökrænt tékk	162	81	81
- Hæsta einkunn	46	23	23
- Handvirkt eða af handahófi.	251	125	126

Í gagnagrunninum var skráð númer þess kassa þar sem skýrslan er geymd í báðum umferðum og því mátti nota kennitölu og kassanúmer til að tengja saman réttar skýrslur í tilvikum þar sem kennitalan kom aðeins einu sinni fyrir í sama kassa (ca. 500 skýrslur í kassa). En kassanúmerin höfðu eitthvað skolast til og voru ekki rétt í öllum tilfellum. Þó tókst að einangra kerfisbundnar villur í kassanúmerum þar sem fyrsti eða síðasti stafur virtist hafa vera skorinn af og í sumum tilfellum höfðu skýrslur í kössum 501 – 525 verið skráðar í kassa 5. Ekki var vinnandi vegur að leita uppi skýrslur og leiðrétta kassanúmerin. Alls var valin 4.171 skýrsla eftir kassanúmeri.

Þó voru enn eftir 90 skýrslur sem ekki var hægt að velja byggt á kassanúmeri sem í sumum tilfellum vantaði. Skýr tengsl eru á milli þeirra atriða sem skráð voru í fyrri umferð og þeirra kóta sem ættu þá að finnast í síðari umferð og var því brugðið á það ráð að búa til rökrænt próf til að sjá hvaða skýrslur væru líklegastar miðað við þau svör sem voru skráð fyrr. Ef það dugði ekki var valin sú skýrsla sem hafði fleiri svör og loks var valið vélvirkt af handahófi á milli tveggja jafngóðra skýrslna og síðan handvirkt úr því sem þá stóð eftir.

Eitthvað er um það að sú skýrsla sem var valin skv. kassanúmeri hafi fengið lakari einkunn úr rökrænu prófi en sú skýrsla sem var hafnað. Svör á einstaklingsskýrslunum fylgja ekki alltaf þeim reglum sem tilgreindar eru á eyðublaðinu og slíkt var ekki leiðrétt

við kótun og skráningu. Forsendan um hæstu einkunn á rökrænu prófi kemur því hér á eftir forsendunni um kassanúmer.

Af sömu ástæðu og gefin var fyrr var ákveðið að hræra ekki saman svörum úr tveimur eða fleiri skýrslum enda væri enn meiri hætta á ruglingi ef svör úr fyrri umferð og kótar í síðari umferð ættu ekki saman.

## 2.4. Samanburður við þjóðskrá og mat á gæðum

Bráðabirgðatölur þjóðskrár frá 1. desember 1980 lágu fyrir á manntalsdegi. Nokkur munur er á þessum tölum og mannfjöldanum í manntalinu, bæði vegna þess að tveir mánuðir liðu á milli viðmiðunardaga en líka vegna þess að ekki er óalgengt að fólk sé búsett annars staðar en á lögheimili. Auk þess geta komið fram í manntalinu óskráðir útlendingar.

Alls voru 2.556 einstaklingar í manntalinu sem ekki voru í þjóðskrá 1. desember 1980. Stærsti hópurinn voru börn fædd í desember 1980 og janúar 1981 en einnig börn sem fæddust árið 1980 en ekki hafði náðst að skrá í þjóðskrána það ár.

Alls fundust 560 óskráðir útlendingar í manntalinu, af þeim fengust upplýsingar um fæðingardag 169 einstaklinga og var útbúin handa þeim kennitala sem aðeins var notuð í manntalinu. Litlar upplýsingar fengust um 390 útlendinga nema um kyn og einhverjar um heimilisstöðu þeirra en aðeins einn þeirra hafði stöðu barns á heimili samkvæmt íbúðarskýrslunni. Þeir 900 sem voru með skráð heimili erlendis voru langflestir með íslenskt ríkisfang en 29 með erlent.

Til viðbótar voru í manntalinu 68 sem fundust í þjóðskrá ári síðar og hafa þá verið skráðir þar eftir 1. desember 1980. Flestir þeirra, 53, höfðu erlent ríkisfang. Þá voru eftir 44 einstaklingar í manntalinu sem ekki hafa fundist í þjóðskrá. Allir nema tveir voru með erlent ríkisfang en kennitala þeirra bendir þó til þess að hún hafi verið útbúin með venjubundnum hætti í skráningu.

Frá mannfjöldanum með lögheimili á Íslandi í byrjun desember 1980 dragast 3.467 sem ekki voru taldir í manntalinu 31. janúar 1981. Af þeim voru 275 látnir þegar kom að miðnætti á manntalsdegi.

Í manntalinu komu fram upplýsingar um 805 einstaklinga sem voru búsettir erlendis á manntalsdeginum. Þessu til viðbótar má finna 427 aðra sem ekki voru taldir í manntalinu en voru skráðir erlendis í þjóðskrá 1. desember 1981 eða felldir af skrá.

Ekki hefur tekist að gera grein fyrir 1.960 einstaklingum sem hvorki fundust á manntalsdegi né var gerð grein fyrir af skyldmönnum. Langflestir þeirra voru með íslenskt ríkisfang (1.647). Mikið var um fjölskyldufólk en 580 voru fjölskyldufólk og eldri en 20 ára á móti 754 sem voru eldri en tvítugir og án fjölskyldu. Langflestir, eða 1.713, voru skráðir með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, þar af 1.428 í Reykjavík.

Ekki er hægt að fullyrða hvar þetta fólk var staðsett á manntalsdegi. Um getur verið að ræða vantalingu en 538 einstaklingar í þessum hópi eru skráðir með lögheimili þar sem enga hússkýrslu er að finna.

Jafnlíklegt, ef ekki líklegra, er þó að flestir þessara einstaklinga hafi dvalið erlendis við nám eða störf. Hér má benda á að 1.288 voru skráðir til lögheimilis þar sem grein hafði verið gerð fyrir íbúum allra íbúða hússins en 134 voru skráðir með lögheimili þar sem ein eða fleiri íbúðir stóðu auðar, þ.e. voru ekki skráðir á íbúðarskýrslu.

Það hefur og verið reynsla Hagstofunnar síðar að margir sem hafa flust búferlum til útlanda haldi lögheimilisskráningunni hér á landi þrátt fyrir að lög kveði á um annað. Þannig halda þeir ýmsum réttindum. Við það bætist að erlendir ríkisborgarar hafa oft ekki fyrir því að tilkynna brottflutning af landinu.

Hagstofan áformaði í upphafi að telja íslenska námsmenn erlendis með mannfjöldanum. Það er hins vegar andstætt alþjóðlegum skilgreiningum og var ekki gert í manntalinu 2011 og síðar. Það olli einnig vandræðum að ekki eru til skýrslur um alla íslenska námsmenn erlendis af þeirri einföldu ástæðu að skyldmenni og aðstandendur þeirra voru annað hvort ekki til staðar eða hirtu ekki um að gera um þá skýrslur. Niðurstaðan varð því sú að telja námsmennina ekki með mannfjöldanum. Alls voru 936 í námi erlendis en með aðstandendum voru 995 slíkar skýrslur fjarlægðar úr upphaflegu þýði.

Sama máli gegndi um þá sem voru á skýrslum aðstandenda þar sem þeir dvöldust erlendis vegna starfa sinna. Alls voru 288 slíkir einstaklingar í þeim aðstæðum. Sömu ástæður og varðandi námsmenn eiga við um þetta fólk en að auki má benda á að hið gagnstæða á einnig við. Erlenda ríkisborgara, sem hér voru við störf, átti að telja alla til mannfjöldans sbr. það sem tíundað er síðar um heimilisfesti á Íslandi. Eðlilegt er að hið sama gildi um Íslendinga sem búsettir eru erlendis vegna starfa þar.

Ef þjóðskráin 1. desember 1980 er uppfærð til 31. janúar 1981 með fæddum og dánnum, en gert ráð fyrir jafnmörgum sem fluttu úr landi og til þess á þessum tveimur mánuðum, og ekki horft til breyttra skilgreininga hvað varðar námsmenn og fólk í störfum erlendis þá voru 2.905 færri í manntalinu 31. janúar 1981 en voru skráðir með lögheimili á landinu. Það er munur upp á 1,3% af skráðum mannfjölda sem var svipað og í manntalinu 1. desember 1960 þegar 0,9% færri voru í manntalinu en í uppfærðri þjóðskrá þann dag.<sup>13</sup>

---

<sup>13</sup> Manntalið 1960.



TAFLA 2.4.

## Samanburður við þjóðskrá 1. desember 1980

	Alls	Karlar	Konur
Samtals í þjóðskrá 1. desember 1980 með lögheimili á Íslandi	228.781	115.308	113.473
Bætast við mannfjöldann	2.556	1.312	1.244
- Fæddir á Íslandi 1. des 1979 til 31. janúar 1981	984	484	500
- Óskráðir útlendingar	560	342	218
- Fólkskráð með lögheimili erlendis	900	434	466
- Fólkskráð sem finnst í þjóðskrá 1981	68	33	35
- Aðrir sem ekki finnst í þjóðskrá 1980	44	19	25
Dragast frá mannfjöldanum	3.467	1.776	1.691
- Dánir fyrir 31. janúar 1981	275	143	132
- Fólkskráð ekki en var skráð erlendis 1. des. 1981	427	179	248
- Dvaldist erlendis á manntalsdegi	805	406	399
- Námsmenn og fjölskyldur þeirra erlendis skv. skýrslu	995	541	454
- Í störfum erlendis, skv. skýrslu	288	153	135
- Aðrir sem ekki finnst í manntalinu	1.960	1.048	912
Samtals í manntalinu 31. janúar 1981	226.587	114.150	112.437

## 2.5. Tilreiknun

Með tilreiknun (e. imputation) er átt við að skýrslur sem eru óútfylltar að einhverju eða öllu leyti eru fylltar út með rökrænum hætti eða að bætt sé við skýrslu sem ætlað er að vanta.

Vélrænar leiðréttingar eru að mörgu leyti svipuð aðgerð og tilreiknun, en þar eru gildi sem talin eru ólíkleg leiðrétt eftir ákveðnum reglum. Gerð er grein fyrir slíkum leiðréttingum annars staðar í þessari greinargerð.

Tilreiknun er gjarnan beitt þegar óæskilegt er að einhver efnispáttur sé skilinn eftir gloppóttur. Það á t.d. við um kyn en fimm færslur voru lagfærðar þannig að einstaklingum var úthlutað kyni með slembiaðferð.

Eina tegund tilreikunar má telja þar sem svarandi skilaði ekki svörum en búin var til skýrsla þar sem vitað var að þann svaranda hefði átt að telja. Alls voru 1.490 slíkar skýrslur gerðar (sjá töflu 1.1.). Ekki var þó reynt að fylla inn í einstök manntalsatriði.

Ef ekki er ástæða til að ætla að óútfylltar skýrslur eða efnispáttir hafi áhrif á heildarniðurstöðuna er engin sérstök þörf á að geta í eyðurnar.

Ef ástæða þótti til hefur verið tilreiknað gildi fyrir einstök manntalsatriði. Nánari grein er gerð fyrir því hvernig það var gert í umfjöllun um viðkomandi þætti. Þeir eru:

- Kyn,
- aldur,
- atvinnuþátttaka,
  - atvinnustétt, atvinnugrein og starfstétt að hluta
- menntunarstig,
- staðsetning,
- fjöldi herbergja,
- byggingartími.

## 2.6. Mat á gæðum manntalsins 1981

Í verklagsreglum um hagskýrslugerð sem tóku gildi árið 2006 eru nefndar fimm víddir sem nota má til að meta gæði hagtalna. Þær eru 1) notagildi, 2) nákvæmni og áreiðanleiki, 3) skjótvirkni eða tímanleiki og stundvísi, 4) samræmi og samanburðarhæfni og 5) aðgengi og skýrleiki.<sup>14</sup> Þótt þessar reglur hafi ekki verið formlega viðteknar árið 1981 má engu að síður nota þær til að meta manntalið 31. janúar 1981.

Manntalið fellur á 3. gæðavíddinni um skjótvirkni og stundvísi og þarf ekki að fjölyrða um það. Af því leiðir líka að notagildi manntalsins er fyrst og fremst fyrir fræðasamfélagið. Notagildi niðurstaðna manntalsins fyrir stjórnvöld til þess að byggja á ákvarðanir er hins vegar takmarkað. Manntalið hefur verið nýtt af nokkrum rannsakendum innan ramma laga um persónuvernd auk þess sem það var upphafsinnlögn í menntunarskrá Hagstofunnar. Fyrst og síðast hefur manntalið þó verið óaðgengilegt öðrum en fræðimönnum, sértaklega öllum almenningi sem lagði til efni þess. Úr þessu er hægt að bæta og er það tilgangur þessarar útgáfu.

Þá liggur eingöngu fyrir að meta annars vegar nákvæmni og áreiðanleika manntalsins og hins vegar samræmi og samanburðarhæfni. Þetta mat verður gert hér á eftir um helstu efnisatriði manntalsins en eftirfarandi er stutt samantekt um manntalið í heild sinni.

### 2.6.1. Nákvæmni og áreiðanleiki

Engin rannsókn var gerð að manntalinu loknu til að meta hversu vel tókst til. Það verður reynt hér og notaðar aðferðir sem eru ekki jafn nákvæmar og unnt hefði verið að beita strax og búið var að taka manntalið.

Manntalið 1981 er annað manntalið sem Hagstofan tók með hefðbundnum hætti eftir að almannaskráin, þjóðskrá, varð til. Í báðum tilvikum voru skráningar í þjóðskránni nýttar til að styðja við manntalið. Af því leiðir að hægt er með samanburði að leggja mat á hversu vel hefur tekist til að telja mannfjöldann.

Eins og kemur fram hér að framan hefur ekki tekist að gera grein fyrir 1.690 manns sem skráðir eru með lögheimili á Íslandi í þjóðskrá en finnast ekki í manntalinu. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi verið erlendis við nám eða störf. Ef efri mörk vantálningar í manntalinu er sett við þessa tölu gæti vantálningin verið á bilinu 0,00% til 0,75%.

<sup>14</sup> Stjórnartíðindi B. nr. 578/2006 frá 10. júlí 2006, sjá [https://www.hagstofa.is/media/43952/verklagsreglur\\_hagskýrslugerð.pdf](https://www.hagstofa.is/media/43952/verklagsreglur_hagskýrslugerð.pdf) [sótt á vefinn 29. maí 2022]

Í manntölum sem tekin eru með því að ganga í hús er síður hætt á að oft telja fólk, þ.e. telja með þá sem ekki hafa fasta búsetu á landinu, en í manntölum sem eingöngu byggjast á skráum. Þó er sú hætt fyrir hendi.

Ef frá eru taldir námsmenn og Íslendingar sem störfuðu erlendis og aðstandendur þeirra voru 323 einstaklingar taldir í mannfjöldanum í manntalinu sem dvöldust erlendis um stundarsakir. Ekki voru nægjanlegar upplýsingar til að fjarlægja þetta fólk úr þýðinu í lokavinnslu manntalsins. Ástæður sem gefnar voru upp á skýrslum voru í flestum tilvikum ótilgreindar eða augljóslega tímabundnar. Ef ekki hefði átt að telja alla þessa einstaklinga með hefði það valdið oftalningu upp á 0,14%.

Ekki liggja fyrir góðar upplýsingar um ýmsa þeirra erlendu óskráðu ríkisborgara sem voru taldir með mannfjöldanum. Verið getur því að einhverjir þeirra hafi í raun verið hér í skammtímadvöl. Þá væru allt að 590 manns oftaldir af þeim sökum eða allt að 0,26%.

Það er því ekki ástæða til að ætla að um mikla oftalningu hafi verið að ræða. Ef óskráðu útlendingarnir eru allir taldir með, auk þeirra sem voru erlendis, er um að ræða oftalningu á bilinu 0,0% til 0,39%.

Þegar litið er til einstæðrar þátttöku almennings í framkvæmd manntalsins verður ekki dregið í efa að það var eins nákvæmt og mannlega var unnt. Manntöl eru verkefni af þeirri stærðargráðu að alltaf eru á þeim einhverjir hnökrar. Hvað sem líður upptalningu á vandamálum við úrvinnslu manntalsins hér að framan er enginn vafi á því að nákvæmni og áreiðanleiki manntalsins hvað varðar talningu á mannfjöldanum er mikill. Um einstaka efnisþætti verður fjallað sérstaklega hér á eftir.

### 2.6.2. Samræmi og samanburðarhæfni

Með samræmi og samanburðarhæfni er átt við fimm meginþætti. Í fyrsta lagi hversu vel niðurstöðurnar ríma við aðrar hagskýrslur um sama efni, í öðru lagi hversu vel gögnin eru samanburðarhæf *í tíma* og í þriðja lagi hversu vel þau eru samanburðarhæf *í rúmi*. Það hefur einnig í fjórða lagi verið talið til þessarar gæðavíddar hversu gott *innra* samhengi gagnanna er og í fimmta lagi að nýttir séu sameiginlegir *staðlar*.

Það er aðeins að hluta til hægt að meta þennan þátt almennt fyrir manntalið 31. janúar 1981 en það verður skoðað nánar þegar fjallað er um einstaka efnisþætti.

Þó má nefna nokkur atriði sem gilda almennt um manntalið 1981:

- Gæta þarf varúðar þegar niðurstöður manntalna eru bornar saman. Það stafar ekki síst af því að a.m.k. 10 ár líða á milli þeirra. Á þeim tíma breytast samfélög, skilgreiningar breytast, staðlar breytast og spurningar eru umorðaðar eða eyðublöðum breytt þannig að samhengi spurninga breytist. Þetta á sérstaklega við um manntalið 1981. Ekki aðeins liðu 20 ár frá síðasta manntali á undan og öll eyðublöð verið endurgerð, heldur hafa gögnin verið vísitandi löguð að skilgreiningum í manntölunum 2011 og 2021. Þetta á við um ýmsa efnisþætti svo sem skilgreiningu á heimili og fjölskyldum, flokkun atvinnugreina og starfsstétta sem og menntunarstig landsmanna.
- Manntalið 1981 er samanburðarhæft innanlands (*í rúmi* eins og verklagsreglurnar nefna það), enda var það tekið á sama tíma um land allt og sömu spurningar lagðar fyrir alla landsmenn.
- Þar sem við á voru nýttir alþjóðlegir staðlar. Það á við um flokkun atvinnugreina, starfa og atvinnustétta þó með nokkrum breytingum til að laga betur að íslensku atvinnulífi.

- Mannfjöldaskýrslur 1. desember 1980 eru þær hagskýrslur frá þessum tíma sem helst er hægt að bera manntalið saman við. Manntalið 31. janúar 1981 rímar vel við þær skýrslur. Það er munur, en hann er að hluta til vegna annarrar tímasetningar, en að öðru leyti má álykta að manntalið gefi betri mynd af samsetningu mannfjöldans en þjóðskráin, þar sem það nær líka til óskráðra einstaklinga og telur ekki fólk skráð í þjóðskrá til mannfjöldans sem í reynd er búsett erlendis.
- Hið sama á við um mælingar á slysatryggðum vinnuvikum árið 1980 en talning ársverka er svipuð en nokkuð lægri en talning manntalsins eins og vikið verður að síðar.
- Erfiðara er að meta hversu gott innra samhengi gagnanna er. Mestur tíminn, eftir að gögnunum hafði verið komið fyrir á einum stað innan Hagstofunnar, fór í samræmingu. Þetta var einkum gert með röklegum prófunum. Engin leið er nú að meta til fulls hversu vel tókst til. Enn eru einhverjir hnökror á gögnunum sem stafa t.d. af því að svarendur svöruðu spurningu sem þeir áttu að hoppa yfir vegna svars við spurningunni næst á undan. Þessir hnökror eru þó minniháttar og almennt lítur út fyrir að manntalið gefi rétta mynd af samsetningu, atvinnu og menntun landsmanna í ársbyrjun 1981 sem og húsnæðinu sem þeir bjuggu í.

### 3. Greinargerð um manntalsatriðin

#### 3.1. Efnisatriði manntalsins

Í þessum hluta greinargerðarinnar er fjallað nánar um efnisatriði manntalsins 31. janúar 1981. Umfjölluninni er skipt í þrjá meginþætti. Í fyrsta kafla eru einstakir efnisþættir á eyðublöðum taldir upp. Í öðrum hluta er fjallað nánar um þá efnisþætti sem unnir voru áfram í lokavinnslu manntalsins til að hægt væri að bera þá saman við manntölin 2011 og 2021. Í þriðja hlutanum er fjallað um þá efnisþætti sem ekki eru sambærilegir nútímamanntölum en gætu þótt forvitnilegir eða hafa skírskotun til eldri manntala.

#### 3.2. Efnisatriðin á eyðublöðunum og í þjóðskrá

Hér á eftir eru talin efnisatriði sem voru í manntalinu 31. janúar 1981. Nýjungar frá fyrri manntalsatriðum eru merktar með stjörnu (\*). Þau efnisatriði sem voru nýtt til gerðar samanburðarhæfs töfluefnis við nútímamanntöl eru merkt með skáletrun.

Sú nýjung var gerð miðað við fyrri manntöl að gera þurfti ítarlega grein fyrir íslenskum námsmönnum erlendis og skyldmönnum sem dvöldu erlendis en talið var að myndu snúa aftur til Íslands.

Einnig voru spurningar um atvinnuþátttöku nokkuð ítarlegri en í fyrri manntölum.

Engar spurningar voru lagðar fyrir sem unnt var að fá úr þjóðskrá. Þetta olli síðar vandræðum vegna óskráðra útlendinga en reynt var að ráða a.m.k. í kyn þeirra eftir nafni.

##### 3.2.1. Íbúðarskýrsla (rauð)

Ráðlagt var að teljarar fylltu út íbúðarskýrslur. Á fyrri hlið skýrslunnar var listi yfir íbúa, þeim lýst og innbyrðis tengslum þeirra. Fram kemur í undirbúningsgögnum að ætlunin hafi verið að teljarar myndu merkja við hverjir ættu saman heimili innan íbúðarinnar þannig að hægt væri skilgreina heimili sem þá sem deildu matseld fremur en telja alla í sama heimili sem deildu íbúð. Ákveðið var hins vegar að flækja ekki eyðublaðið með því að bæta við dálki til að halda utan um þetta heldur var teljurum gefin munnleg tilmæli um orðalag spurningar um heimilistengsl og hvernig ætti að merkja þau.

Ekkert varð hins vegar af því að slíkt væri skráð þannig að í reynd eru allir sem deila íbúð í manntalinu 1981 taldir saman í heimili.

### 3.2.1.1. Hlið 1

Staðsetning íbúðar í húsi og auðkenni húss

1. *Nafn og tengsl við íbúðina*
2. *Fæðingardagur*
3. *Vensl annarra heimilismanna við einstakling\**
  - 3.1 *Engin tengsl\**
  - 3.2 Gagnvart viðkomandi eru á heimilinu:
    - 3.2.1 *Maki\**
    - 3.2.2 *Barn / barnabarn / tengdabarn\**
    - 3.2.3 *Móðir / tengdamóðir\**
    - 3.2.4 *Faðir / tengdafaðir\**
    - 3.2.5 *Amma, afi, langamma o.sfrv.\**
    - 3.2.6 *Systkini, mágur, mágkona, svili, svilkona\**
    - 3.2.7 *Annar ættingi\**
    - 3.2.8 *Óskyldur og ótengdur\**
    - 3.2.9 *Í leigjendatengslum\**
4. *Dvalarstaður/lögheimili/ástæða dvalar í íbúð eða annars staðar*

### 3.2.1.2. Hlið 2

1. *Umráðamaður/menn – ekki úrvinnsluatriði*
2. *Eigandi/eigendur – ekki úrvinnsluatriði*
3. *Umráðaréttur*
4. *Hvar íbúðin er í húsinu*
5. *Herbergi*
  - 5.1 *Herbergjafjöldi innandyra*
  - 5.2 *Herbergjafjöldi til atvinnurekstrar*
  - 5.3 *Herbergjafjöldi til útleigu*
6. *Eldunaraðstaða*
7. *Tegund orku til eldunar*
8. *Hreinlætis- og þvottaaðstaða\**
  - 8.1 *Vatnssalerni*
  - 8.2 *Steypibað\**
  - 8.3 *Baðkar\**
  - 8.4 *Gufubað / sauna\**
  - 8.5 *Þvottavél\**
  - 8.6 *Þurrkari\**

9. Nútímatæki\*
  - 9.1 Kæliskápur\*
  - 9.2 Frystikista\*
  - 9.3 Uppþvottavél\*
  - 9.4 Sími\*
  - 9.5 Sjónvarp\*
10. Fjöldi bifreiða til afnota\*

### 3.2.2. Einstaklingskýrsla fæddir 1968 eða fyrr (græn)

Nafn, skýrslustaður (sveitarfélag, farskip, fiskiskip, erlendis), fæðingardagur

1. Búseta 1980, 1976, 1971 og 1961 (sveitarfélag)\*
2. Sambúð og upphaf hennar\*
3. Hjónaband og upphaf þess
4. Fjöldi lifandi fæddra barna
5. Skólanám eftir skyldunám / Tegund skóla
6. Lokið prófi til starfsréttinda / Námssvið
7. Lokið stúdentsprófi
8. Skólanám
  - 8.1 Í skólanámi eða á námssamningi 1980
  - 8.2 Á námssamningi
  - 8.3 Í skólanámi 1980
  - 8.4 Fjöldi mánaða í skólanámi
  - 8.5 Í námi í mars, í júlí, í nóvember
9. Heimilisstörf
  - 9.1 Vinna við heimilisstörf í manntalsviku\*
  - 9.2 Fjöldi klukkustunda\*
10. Unnið fyrir tekjum í manntalsviku
11. Vinnustaður (sveitarfélag, farskip, fiskiskip, erlendis)
12. Vinnutími
  - 12.1 Fjöldi klukkustunda í manntalsviku
  - 12.2 Venjulegur vinnutími
13. Ferðir til vinnu\*
  - 13.1 Fór til vinnu í manntalsviku\*
  - 13.2 Tímalengd ferðar\*
  - 13.3 Fararmáti\*
14. Framfærsla 1980
15. Lífeyrissjóður\*

- 15.1 Í lífeyrissjóði 1980\*
- 15.2 Greitt í lífeyrissjóð\*
- 15.3 Fenginn lífeyrir úr lífeyrissjóði\*
- 16. Vinna árið 1980
  - 16.1 *Vann fyrir tekjum 1980*
  - 16.2 *Fjöldi mánaða við vinnu*
  - 16.3 *Við vinnu í mars, í júlí, í nóvember*
  - 16.4 Fjarvera frá vinnu 1980 vegna veikinda
- 17. Atvinnustaða
  - 17.1 *Atvinnustétt / Atvinnugrein / Starfsstétt / Tegund vinnuveitanda*
  - 17.2 Starfshlutfall
  - 17.3 *Við vinnu í mars, í júlí, í nóvember*
- 18. Önnur aðalatvinna 1980
  - 18.1 Skipt um atvinnu 1980
  - 18.2 *Atvinnustétt / Atvinnugrein / Starfsstétt / Tegund vinnuveitanda*
  - 18.3 Starfshlutfall
  - 18.4 *Við vinnu í mars, í júlí, í nóvember*
- 19. Aukastarf 1980
  - 19.1 Hvernig aukastarf er unnið með aðalstarfi
  - 19.2 *Atvinnustétt / Atvinnugrein / Starfsstétt / Tegund vinnuveitanda*

### 3.2.3. Hússkýrsla (grá)

Hússkýrslu átti að gera um öll hús sem búið var í 31. janúar 1981 svo og um öll hús sem ætluð voru til íbúðar að einhverju eða öllu leyti en ekki var búið í á manntalsdegi. Þessi skýrsla skyldi gerð af húseiganda, fyrirsvarsmanni húsfélags eða af íbúðarhafa í húsinu.

Eitt eintak af eyðublaði þessu var borið í hvert hús. Ef fleiri en ein íbúð var í húsinu var eyðublaðið borið í íbúð á fyrstu hæð. Væri ekki búið þar skyldi bera það í íbúð á næstu hæð fyrir ofan fyrstu hæð ef búið var þar eða, ef svo bar undir, í íbúð í kjallara.

Umráðamaður móttökuíbúðar þessa eyðublaðs átti svo að fylla út skýrsluna eða koma henni í hendur húseiganda eða fyrirsvarsmanns húsfélags. Teljarar innheimtu ekki þessa skýrslu en bar að veita henni viðtöku og skila henni til manntalsstjóra í sveitarfélaginu hafi hlutaðeigandi óskað að afhenda þeim hana til fyrirgreiðslu. Að öðru leyti sáu sveitarfélögin um innheimtu skýrslanna.

#### 3.2.1.1. Hlið 1

Á framhlið hússkýrslu "Íbúðir í húsinu, umráðamenn og eigendur" voru taldar upp íbúðir og umráðamenn þeirra og eigendur væru þeir ekki umráðamenn. Ef húsið var einbýlishús nægði að krossa í einn reit en láta þessa hlið annars óútfyllta.

Tilgangur þessarar skýrsluhliðar var:

- 1) Að hafa eftirlit með heimtum íbúðarskýrslna

- 2) Að fá nákvæma listun á íbúðum sem kynni að koma að notum við endurskipulagningu þjóðskrár, þannig að unnt verði að hafa „íbúð“ sem grunneiningu heimilisfangs í þjóðskrá.

Þessar upplýsingar voru ekki skráðar í gagnasafn manntalsins.

### 3.2.1.2. Hlið 2

1. Gerð hússins
2. Nýting hússins
3. Byggingarefni
4. Byggingartími
5. Fjöldi hæða
6. Íbúðarherbergi í kjallara
7. Íbúðarherbergi í risi
8. Fjöldi íbúða í húsinu
9. Íbúðarherbergi utan íbúða
10. Upphitun
11. Rafmagnsveita
12. Vatnsveita
13. Skólþveita
14. Sorphreinsun

### 3.2.4. Þjóðskrá

Auk sjálfra manntalseyðublaðanna telst þjóðskráin frá 1. desember til manntalsgagna. Hún hafði að geyma sjö skráningaratriði sem notuð voru til að auðga manntalið.

1. *Kyn*
2. *Hjúskaparstétt*
3. *Trúfélag*
4. *Fæðingarstaður*
5. *Ríkisfang*
6. *Húskóti lögheimilis*

## 4. Yfirlit yfir efnisatriði og samanburður við fyrri manntöl

Í þessum kafla er fjallað um þau efnisatriði sem eru flokkuð í samræmi við samevrópska manntalið 2021. Ef upphafleg flokkun er á annan veg en í manntalinu 2021 er gerð grein fyrir því.

Þegar við á er dregin fram samanburður við fyrri manntöl.

Umfjölluninni hér á eftir er skipt í fimm meginkafla en hver kafli samsvarar sérstakri tölfræðieiningu, einstaklingana, fjölskyldurnar, heimilin, híbýlin og staðsetninguna.

### 4.1. Einstaklingar

Einstaklingsgögn ná til allra einstaklinga sem taldir voru á landinu 31. janúar 1981.



#### 4.1.1. Heimilisfesti eða vanaleg búseta

Yfirleitt er fólki ljóst hvar það á heimili og var því fylgt þeirri reglu 1981 að fara eftir því hvað fólkið segði sjálft. Hjón, sem hafa ekki slitið samvistum, eiga alltaf sama lögheimili. Börn innan 16 ára aldurs eiga alltaf lögheimili hjá foreldrum sínum eða öðrum 16 ára eða eldri.

Hafi viðkomandi ekki verið ljóst hvar hann á lögheimili var miðað við eftirfarandi reglur:

- Heimili manns er yfirleitt sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tólmstundum sínum og hefur þá hluti sem honum eru persónulega tengdir svo sem fatnað, húsgögn, bækur o.fl.
- Í leiðbeiningum við töku manntalsins var enn fremur tekið fram að maður teldist þrátt fyrir ofangreint ekki eiga heimili þar sem hann dveldi við nám, sem sjúklingur á sjúkrahúsi, sem vistmaður á vistheimili o.þ.h. eða við árstíðarbundin störf (vertíðarvinna, kaupamennska, vetrardvöl vegna atvinnu o.fl.), enda hyrfti hann til heimilis síns að slíkri dvöl lokinni. Við lokavinnslu manntalsins var vikið frá þessari reglu ef um háskólanám var að ræða, sjá hér að neðan. Háskólanemar í námi erlendis voru ekki taldir með þýðinu.
- Allir útlendingar, sem voru starfandi hér á landi á manntalsdegi og höfðu áður stundað hér atvinnu eða hugðust stunda hér atvinnu, töldust eiga heimili á Íslandi, jafnvel þótt þeir sjálfir hafi sagst eiga lögheimili erlendis.
- Aðrir útlendingar sem ekki voru á Íslandi í atvinnuskyni voru flokkaðir með búsetu erlendis ef þeir sögðust eiga lögheimili erlendis og dvöl þeirra hér á landi var (varð) ekki áætluð lengri en sex mánuðir.
- Sendiráðsfólk var ekki skráð í manntalinu og varnarliðsmenn og hliðstæðir útlendingar voru því aðeins skráðir að þeir hafi búið í húsnæði utan varnarsvæða Bandaríkjanna á Íslandi.
- Íslenskir námsmenn í útlöndum voru hvorki taldir til mannfjöldans né heldur fjölskyldur þeirra sem dvöldust erlendis með þeim.
- Sama á við um þá sem dvöldust erlendis vegna starfa sinna. Þetta er í samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar en þjóðskrá leyfir að lögheimili sé skráð á Íslandi í fyrra tilvikinu.
- Námsmenn í háskólanámi á Íslandi eru taldir á námsstað, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, ef til var skýrsla um dvalarstað þeirra. Í manntalinu voru 309 í háskólanámi en búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Alls fundust viðbótarskýrslur um 258 þeirra með dvalarstað á höfuðborgarsvæðinu en með fjölskyldu og var heimilisfesti 283 breytt í samræmi við alþjóðlegu skilgreininguna. Eftir stendur skekkja upp á a.m.k. 51 námsmann sem ætti að telja á höfuðborgarsvæðinu en er ekki gert hér þar sem ekki gafst færi á að endurskoða frekar staðsetningar námsmanna í manntalinu. Alls voru 523 nemendur skráðir í annan hvorn háskólann (Háskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands) á haustönn 1980 samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands en með búsetu utan höfuðborgarsvæðisins. Það er hins vegar varasamt að telja það skekkju þótt fleiri hafi verið skráðir í háskólanámi í nemendaskrá á haustönn þremur mánuðum fyrir manntalsdag. Ekki er endilega víst að skráningin á haustönn hafi átt við á manntalsdegi né heldur að skráningin hafi endilega þýtt að viðkomandi hafi stundað það nám.

Alls voru 226.587 einstaklingar taldir með heimilisfesti á Íslandi á manntalsdegi hinn 31. janúar 1981. (Sjá nánar töflu 2.4.).

#### 4.1.2. Kynferði

Kyn var ekki skráð á sjálft eyðublaðið heldur var talið nægja að ráða það af nafninu ef það var ekki að finna í þjóðskrá.

Ekki var unnt að þekkja kyn fimm einstaklinga í lokavinnslu manntalsins. Þeim var úthlutað kyni með hliðsjón af svörum við spurningunni um fjölda lifandi fæddra barna en annars eftir slembiaðferð: Ef raðtalan í kennitölunni (9. stafurinn) var oddatala var viðkomandi ákvarðaður karlkyns en ella kvenkyns.

TAFLA 4.1.

#### Mannfjöldinn eftir kyni 1703–1981

Ár	Alls	Karlar	Konur	Tala karla á móti hverjum 1.000 konum
1703	50.358	22.867	27.491	832
1910	85.183	41.105	44.078	933
1920	94.690	46.172	48.518	952
1930	108.861	53.542	55.319	968
1940	121.474	60.325	61.149	987
1950	143.973	72.249	71.724	1.007
1960	175.680	88.693	86.987	1.020
1981	226.587	114.151	112.436	1.015

#### 4.1.3. Aldur

Aldur miðast við miðnætti 31. janúar 1981. Hann var ráðinn af fæðingardegi sem skyldi skrá efst á eyðublaðið en enn fremur af skráningu í þjóðskrá. Engu að síður náðist ekki að skrá fæðingardag 390 einstaklinga, í öllum tilfellum fólks af erlendum uppruna.

Í lokavinnslu manntalsins var fundinn aldur á þessa einstaklinga með tilreiknun (e. imputation). Byggt var á svokallaðri „vinnslubunkatilreiknun“ (e. hot-deck imputation). Til þess að aldursskipting væri áfram eðlileg var þýðinu skipt í tvennt, þá sem höfðu skráðan aldur, þ.e. gagnagjafa og hina þar sem aldur vantaði, þ.e. gagnabega. Síðan var hvorum hóp um sig skipt eftir kyni, íslensku eða erlendu ríkisfangi, með búsetu í Reykjavík eða annars staðar, búandi með maka eða ekki og utan fjölskyldu eða ekki. Innan hvorrar sundurliðunar var gagnagjöfunum raðað með slembiaðferð, og sömuleiðis gagnabegunum. Fyrsti gagnabeginn í hverri sundurliðun fékk svo gagnagjafa sem fremstur var í röðinni í sama sundurliðunarflokki og svo koll af kalli.

Í tveimur hópum voru fleiri gagnabegar en gagnagjafar og var þá leikurinn endurtekinn þannig að í nokkrum tilvikum lánuðu gagnagjafar aldur til fleiri en eins gagnabega.

Við þessa tilreiknun þarf þó að gæta að tvennu. Annars vegar að hjón eru venjulega á svipuðum aldri, konurnar þó að jafnaði 2,6 árum yngri en karlarnir. Hins vegar að börn í fjölskyldu eru langoftast yngri en foreldrarnir. Í manntalinu 1981 var aldursmunur milli elsta einstaklings í fjölskyldu og barna að meðaltali um 29 ár.

TAFLA 4.2.

### Aldursdreifing mannfjöldans 1703–1981

Af hverjum 1.000 íbúum

	1703	1801 <sup>1</sup>	1901	1910	1920	1930	1940	1950	1960	1981
Mannfjöldi alls	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
Innan 15 ára	267	333	348	339	332	325	299	308	349	273
15–19 ára	107	70	88	103	95	93	96	85	83	98
20–64 ára	572	523	496	493	504	506	527	532	486	529
65 ára og eldri	54	74	68	65	69	76	78	75	82	100

<sup>1</sup> Áætlað



Þessu var haldið til haga þannig að í tilvikum hjóna var það hjónanna, sem var með skráðan fæðingardag, gagnagjafinn og í tilvikum barna var elsti fjölskyldumeðlimurinn gagnagjafinn að viðbættum eða frádrögnum þessum gildum.

#### 4.1.4. Þéttbýlisstaðir og byggðarstig

Hagstofan tók upp nýja skilgreiningu á afmörkun þéttbýlisstaða árið 2011. Árið 1981 var í gildi önnur skilgreining sem byggðist á því að kaupstaðir og svokallaðir kaupúnahreppar voru skilgreindir sem byggðakjarnar en samliggjandi byggðakjarnar sem þéttbýlisstaðir. Allt landsvæði þessara sveitarfélaga var talið til byggðakjarnanna.

Engin ástæða er til að nota skilgreiningu á þéttbýlisstöðum frá 1981 né heldur er ástæða eða efni til að leggja vinnu í að draga þéttbýlismörk sérstaklega fyrir manntalið 1981. Hér er því miðað við mörk þéttbýlisstaða 1. janúar 2021. Það hefur þó þann galla að Stór-Reykjavíkursvæðið sem nú er samfelld frá Hafnarfirði norður til Mosfellsbæjar var 1981 í a.m.k. þremur hlutum, þ.e. Stór-Reykjavík náði þá eingöngu til Reykjavíkur, Seltjarnarness og Kópavogs.

Eftir sem áður gildir sú regla að þéttbýlisstaður verður að hafa a.m.k. 200 íbúa. Að öðrum kosti telst byggðakjarninn til dreifbýlis.

TAFLA 4.3.

## Þéttbýlisstaðir og mannfjöldi eftir byggðarstigi 1910–1981

	Tala þéttbýlisstaða					Hlutfallsleg skipting íbúa eftir byggðarstigi				
	1901	1930	1950	1960	1981	1901	1930	1950	1960	1981
Allt landið	18	39	49	50	54	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
10.000 íbúar eða fleiri	-	1	1	1	2	-	270	407	452	588
5.000 til 9.999 íbúar	1	-	2	3	2	80	-	93	131	60
2.000 til 4.999 íbúar	-	5	5	4	5	-	151	105	78	68
1.000 til 1.999 íbúar	2	2	3	4	15	31	22	25	34	88
500 til 999 íbúar	5	14	14	17	14	45	87	69	72	43
200 til 499 íbúar	10	17	24	21	16	41	48	57	42	26
Undir 199 íbúar og strjálbýli	...	...	...	...	...	803	422	244	191	125

 Hagstofa Íslands

#### 4.1.5. Ríkisfang

Ríkisfang var fengið úr þjóðskrá. Við lokavinnslu manntalsins var ekki leitast við að tilreikna ríkisfang einstaklinga sem ekki voru skráðir í þjóðskrá, heldur er það merkt sem óþekkt. Alls eru 614 einstaklingar með óþekkt ríkisfang.

Ekki var grundvöllur fyrir því að tilreikna ríkisfang í þeim tilvikum þegar viðkomandi ríki er ekki lengur til heldur er ríkisfang frá fyrrum Sovétríkjum, Júgóslavíu, Tékkóslóvakíu og Austur-Þýskalandi látið standa óbreytt. Sovétríkin eru talin til annarra Evrópulanda.

Erlendir ríkisborgarar voru innan við 1,5% allt tímabilið 1930 til 1981 eða frá því byrjað var að grenslast eftir því atriði í manntölum.

TAFLA 4.4.

## Erlendir ríkisborgarar 1930–1981

	1930	1940	1950	1960	1981
Alls	1.454	1.158	1.631	2.539	3.220
Af hverjum 1.000 íbúum	13	10	11	14	14
Danskir ríkisborgarar	512	546	453	495	881
Norskir ríkisborgarar	301	182	125	82	210
Þýskir ríkisborgarar	83	135	275	132	180
Ríkisborgarar annarra Evrópulanda	71	91	116	130	632
Ríkisborgarar Ameríkulanda	33	43	30	159	554
Aðrir	-	3	1	2	149
Ótilgreint	...	...	...	...	614

 Hagstofa Íslands

#### 4.1.6. Fæðingarland

Fæðingarstaður var fenginn úr þjóðskrá. Fæðingarstað þeirra sem eru fæddir á Íslandi má greina eftir sveitarfélagi eða landshluta (sýslu) en í lokavinnslu var aðeins haldið til haga að fæðingarlandið væri Ísland. Þá var erlendu fæðingarlandi haldið til haga eins og það var skráð 1981. Ekki var grundvöllur fyrir því að tilreikna fæðingarland í þeim tilvikum þar sem viðkomandi land er ekki lengur til sem þjóðríki nema í tilviki Austur-Þýskalands. Enginn í manntalinu var þó fæddur þar. Alls voru 662 einstaklingar með óþekkt fæðingarland.

Flokkun fæðingarlanda er með svipuðum hætti og gerð var fyrir ríkisfang. Þeir sem eru fæddir innan ESB eru eingöngu þeir sem voru fæddir innan landamæra aðildarríkjanna tíu í ársbyrjun 1981.

#### 4.1.7. Bakgrunnur

Bakgrunnur var ekki efnisatriði í manntalinu 1981 en Hagstofan hefur hins vegar skráð bakgrunn allra einstaklinga sem hún hefur haft á stafrænum skráum frá árinu 1978. Með bakgrunni er átt við hvort einstaklingur sé fæddur á Íslandi eða erlendis, sama á við um foreldrana tvo og ennfremur um langforeldrana fjóra. Einstaklingur er skilgreindur sem innflytjandi ef hann er fæddur erlendis sem og báðir foreldrar og allir langforeldrar. Börn tveggja innflytjenda sem fædd eru á Íslandi eru nefnd „önnur kynslóð“ innflytjenda. Einstaklingar þar sem annað foreldrið eða bæði eru fædd erlendis sem og foreldrar þeirra eru flokkaðir með erlendan bakgrunn. Aðrir hafa íslenskan bakgrunn.

#### 4.1.8. Trúfélagsaðild

Trúfélagsaðild var fengin úr þjóðskrá. Byrjað var fyrst að inna eftir trúfélagsaðild í manntalinu 1855. Framan af voru afar fáir utan lúterskra safnaða en jókst þegar líða tók á síðustu öld.

TAFLA 4.5.

#### Fólk utan lúterskra safnaða 1855–1981

	1855	1860	1910	1920	1930	1940	1950	1960	1981
Alls utan lúterskra safnaða	10	2	288	463	1.492	2.859	3.696	4.048	7.097
Af 1.000 íbúum	0	0	3	5	14	23	26	23	31

#### 4.1.9. Hjúskaparstétt og hjúskaparstaða

Hjúskaparstétt var fengin úr þjóðskrá. Um er að ræða lögformlega hjúskaparstöðu.

Í manntalinu var beinlínis spurt um hjúskaparstöðu. Þetta skráningaratriði var ekki nýtt til að auðga þessa breytu en nýttist við að meta efnisatriðin „stöðu innan kjarnafjölskyldu“ og „hjúskaparstöðu í reynd“. Tilreiknun var heldur engin gerð á þessari breytu.

Breytan hjúskaparstaða er ólík hjúskaparstéttinni samkvæmt þjóðskrá að því leyti að hún tekur tillit til raunverulegrar stöðu á heimilinu samkvæmt gögnum manntalsins. Breytan er afleidd af skráningaratriðum á íbúðarskýrslunni um stöðu í fjölskyldu og hjúskaparstöðu auk þess sem hjón eða sambúðarfólk sem ekki er samvistum er flokkað sem utan fjölskyldu eða sem einstæðir foreldrar eftir atvikum.

Ekki eru tiltækar upplýsingar um sambúðarfólk sem hefur misst sambúðarmaka sinn þannig að hjúskaparstaða þeirra er annað hvort ógift eða einstætt foreldri. Sama er að segja um sambúðarfólk sem hefur flutt tímabundið í sundur.

#### **4.1.10. Staða í fjölskyldukjarna**

Með fjölskyldukjarna er átt við hjón eða par með eða án barna, sömuleiðis einstætt foreldri með barn eða börn. Börnin mega ekki vera í sambúð eða gift eða sjálf foreldrar. Ekki skiptir máli á hvaða aldri barnið er. Að þessu leyti var lokavinnslan frábrugðin þeirri fjölskylduskráningu sem fór fram í fyrri vinnslum manntalsins en þar var miðað við reglu þjóðskrár að börn væru yngri en 16 ára.

Aðeins er miðað við bein líffræðileg vensl eða ættleiðingavensl á milli foreldra og barna. Afi og amma sem búa með barnabarni teljast fjölskylda en barnabarnið utan fjölskyldu. Afi og amma sem búa með barni og barni þess teljast vera tvær kjarnafjölskyldur. Systkini sem búa saman án foreldra, barna eða maka teljast hvert um sig vera utan fjölskyldu.

Upphafleg fjölskylduflokkun í manntalinu reyndist ónothæf og þurfti því að endurflokka í lokavinnslunni. Það reyndist umfangsmesti verkþátturinn. Endurflokkunin var að mestu gerð með rökfræðlegum aðferðum og byggði á ákveðnum reglum. Nánari grein er gerð fyrir henni í kaflanum um fjölskyldur og í viðauka.

#### **4.1.11. Staða á heimili**

Heimili var skilgreint sem allir þeir sem eiga heimili í íbúðinni. Leigjendur innan íbúðar töldust til heimilismanna. Enginn var talinn heimilisláus í manntalinu.

Eftir að búið var að flokka fjölskyldustöðuna var nokkuð einfalt að flokka í samræmi við þessa breytu. Auk þeirra sem bjuggu á einkaheimilum var hluti þjóðarinnar með heimilisfesti á stofnun.

#### **4.1.12. Húsnæðisfyrirkomulag**

Húsnæðisfyrirkomulag snýst um hvort fólkið búi í venjulegri íbúð, sambýlishúsnæði (stofnanahúsnæði) eða annars konar húsnæði. Breytan er leidd af breytunni gerð vistarvera í húsnæðishluta manntalsins sem aftur er dregin af tveimur breytum í hússkýrslu manntalsins: Spurningu 1) Hverrar gerðar er húsið? og spurningu 2) Til hvers er húsið notað?

Nokkuð var um að svör vantaði við þessum spurningum. Við fyrri spurningunni vantaði alls 4.074 svör af 71.333 en við síðari spurningunni vantaði 4.158 svör. Í báðum tilvikum voru sett inn reiknuð gildi sem tóku mið af svörum við öðrum spurningum í manntalinu.

#### **4.1.13. Vensl við viðmiðunareinstakling**

Við undirbúning manntalsins 1981 var ákveðið að hverfa frá fyrri aðferðum við að skilgreina vensl á milli heimilismanna. Áður hafði verið notast við „húsbóndahugtakið“ og vensl heimilismanna skilgreind út frá húsbóndanum. Engu að síður er akkur í því að velja einhvern heimilismann og skoða vensl annarra við hann. Þannig fást upplýsingar um t.d. tveggja og þriggja kynslóða fjölskyldur. Ekki er hins vegar lengur, eins og 1981, við hæfi að velja „húsbónda“ og er því notuð önnur aðferð að fyrirmynd frönsku hagstofunnar.

Með viðmiðunareinstaklingi er átt við þann einstakling á heimilinu sem elstur er ef hann er í vinnu og telst til fjölskyldu. Sé enginn einstaklingur í vinnu þá er miðað við elsta einstaklinginn sem tilheyrir fjölskyldu. Ef enginn er annað hvort í vinnu eða í fjölskyldu er miðað við elsta einstaklinginn á heimilinu.

Í breytunni er gerður greinarmunur á börnum viðmiðunareinstaklings sem tilheyra fjölskyldu hans annars vegar og börnum eða tengdabörnum á heimilinu sem mynda aðra fjölskyldu. Með þessu móti er hægt að sjá hvort heimilið sé byggt af kjarnafjölskyldu eingöngu, sé tveggja eða þriggja kynslóða heimili, stórfjölskylduheimili eða annað.

Með stórfjölskyldu er átt við þegar tvær eða fleiri skyldar fjölskyldur búa saman og skyldleikinn ræðst af systkinavenslum eða foreldrar eða langforeldrar búi með viðmiðunarfjölskyldunni.

Við flokkunina kom í ljós að þrátt fyrir leiðréttingar sem gerðar voru vegna flokkunar á kjarnafjölskyldum voru enn 240 einstaklingar sem ekki var hægt að flokka vegna þess að upplýsingar um innbyrðis skyldleika stönguðust á. Flestir höfðu þessir einstaklingar verið flokkaðir utan fjölskyldu, en líkur eru á að ýmsir þeirra ættu engu að síður skyldleikatengsl við aðra heimilismenn.

#### 4.1.14. Tegund stofnanaheimilis

Í manntalinu er gerður greinarmunur á einkaheimilum og stofnanaheimilum. Stofnanaheimili eru þau sem eru rekin af stofnunum með starfslíði og einhverri (mismikilli) sameiginlegri þjónustu og/eða sameiginlegum íverusvæðum.

Í manntalinu 1981 voru stofnanir skilgreindar svo í leiðbeiningum:

Einstaklingsskýrslu skal gera um þá, sem fæddir eru 1968 og fyrr og eru í svo nefndum *stofnunarheimilum* (sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, ýmiss konar vistheimili, heimavistarskólar, fangelsi, gistihús o.fl.). Þó skal ekki gera einstaklingsskýrslu um sjúklinga í sjúkrahúsum og á fæðingarheimilum. Í þess stað lætur sjúkrahúsið/fæðingarheimilið í té skrá yfir alla sjúklinga, sem voru í því aðfararnótt 31. janúar 1981, á þar til gerðu eyðublaði. Ef sjúklingur á sjúkrahúsi, með langa dvöl þar að baki, er ekki talinn hafa eigið lögheimili utan þess, skal gera einstaklingsskýrslu um hann, og hann skal ekki settur á skrána yfir sjúklinga á manntalsdegi.

Í upphaflegri vinnslu voru stofnanaheimili skilgreind og flokkuð í samræmi við leiðbeiningar. Ekki allar sundurliðanirnar eru þó taldar sem stofnanaheimili samkvæmt manntölum 2011 og síðar. Þeir sem búa í gistihúsum teljast til einkaheimila, sömuleiðis þeir sem leigja herbergi af slíkum leigusölum. Fjölskyldur varnarliðsmanna sem hafa íslenskan ríkisborgarrétt teljast búa á einkaheimili. Þar sem makinn er ekki talinn með í manntalinu lítur þetta þannig út að fjölskyldan í þessum tilvikum sé fjölskylda einstæðra foreldra. Því var ekki breytt. Íslenskir starfsmenn í sendiráðum eða íslenskir makar erlendra sendiráðsmanna og börn þeirra voru talin til mannfjöldans á einkaheimilum.

Vistheimili fyrir fatlaða voru endurflokkuð sem studd búseta fatlaðra þó svo að flest ef ekki öll heimilin hafi alls ekki verið sambærileg sambýlum og íbúðarkjörnum nútímans. Kristnesheimilið, gæsluvistheimilið Gunnarsholti, heimilið að Ránargötu 6 og áfangaheimili Verndar að Ránargötu 10 voru hins vegar flokkuð sem „Aðrar stofnanir“ sem og hluti „Herkastalans“ að Kirkjustræti 2.

Alls voru 3.632 íbúar á stofnanaheimilum í manntalinu 1981.

#### 4.1.15. Virkni á vinnumarkaði

Spurt var í all mörgum spurningum um atvinnuþátttöku landsmanna. Spurt var sérstaklega um það hvort viðkomandi hafi unnið fyrir tekjum í manntalsvikunni, þ.e. 24.–30. janúar 1981. Þá var spurt um það hvort viðkomandi hafi unnið fyrir tekjum á árinu 1980 í þrjár vikur eða lengur og um atvinnu hans það ár. Einnig var spurt um annað starf hafi hann skipt um starf á árinu og um aukastarf.

Við nánari athugun á þessum spurningum þótti spurningin um vinnu í manntalsvikunni ófullnægjandi. Fyrir því voru nokkrar meginástæður. Fyrst ber að nefna að spurningin var lögð fram með öðrum hætti en sambærilegar spurningar í fyrri manntölum. Minni áhersla var lögð á ólaunað vinnuframlag fjölskyldumeðlima við atvinnu annarra fjölskyldumeðlima. Þá var það galli að frekari spurningar um atvinnustétt, starfstétt, atvinnugrein og vinnuveitanda voru ekki tengdar manntalsvikunni heldur spurningunum um atvinnu árið

1980. Í fyrri manntölum voru þessi manntalsatriði beintengd vinnu í nóvembervikunni svokallaðri. Það var því útséð um að ef þessi spurning yrði nýtt yrði manntalið 1981 hvorki samsvarandi fyrri manntölum né síðari.

Spurningin er þó ekki ónýt því hún tengist öðrum spurningum sem varða manntalsvikuna svo sem vinnutíma, ferðir til og frá vinnu og heimilisstörf í vikunni.

Til að flokka virkni á vinnumarkaði var því brugðið á það ráð að nota eftirfarandi aðferð:

**Starfandi:** Þeir sem unnu fyrir tekjum í a.m.k. þrjár vikur árið 1980 og svöruðu því til að hafa unnið allt árið 1980 eða í nóvember það ár. Auk þessara voru iðnnemar á árinu 1980 taldir til starfandi.

**Atvinnulausir:** Ekki var spurt um atvinnuleysi í manntalinu 1981. Samkvæmt yfirliti vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins sem birt var í fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar<sup>15</sup> var alls 18.851 atvinnuleysisdagur í janúarmánuði 1981. Það jafngildir því að tæplega 900 manns hafi verið atvinnulausir allan mánuðinn. Oftast er hausatalan á tilteknum degi svipuð þessu meðaltali en þá eru ótaldir þeir sem voru ekki á atvinnuleysisskrá en þó atvinnulausir. Enginn var hins vegar talinn atvinnulaus í manntalinu 1981.

**Börn og ungmenni:** Allir undir 16 ára aldri voru taldir óvirkir á vinnumarkaði.

**Námsmenn:** Allir 16 ára og eldri sem ekki voru starfandi en voru í skóla 9-12 mánuði 1980, eða voru í skóla 4-8 mánuði 1980, þar af í nóvember það ár. Enn fremur þeir sem skráðir voru í skóla í nemendaskrá Hagstofunnar á haustönn 1980.

**Viðtakendur líffeyris- eða fjármagnstekna:** Allir sem voru ekki í starfi eða námi og höfðu haft framfæri sitt af líffeyri eða styrkjum árið 1980 samkvæmt spurningu 14 eða fengu greiðslur úr líffeyrissjóði skv. spurningu 15.3 voru taldir sem viðtakendur líffeyris- eða fjármagnstekna. Að auki voru allir 68 ára og eldri sem ekki voru í starfi taldir í þessum flokki. Þá voru þeir sem merktu við spurningu 14 á einstaklingseyðublaðinu að þeir hefðu haft framfæri sitt árið 1980 af „styrkjum, lánum, leigu- og eignatekjum...“ taldir í þessum hópi.

**Aðrir:** Til annarra voru taldir allir aðrir sem ekki voru í vinnu, námi eða á líffeyri en höfðu svarað játandi spurningum um heimilistörf í manntalsvikunni eða höfðu svarað spurningum sem vörðuðu framfæri, vinnu eða fjarveru frá vinnu.

**Ótilgreint:** Alls voru skýrslur 2.867 einstaklinga óútfylltar um atvinnustöðu eða viðkomandi hafði neitað að svara spurningum um atvinnustöðu sína.

Ef ætlunin er að fá gott mat á fjölda starfandi einstaklinga í manntalinu 1981 er ekki æskilegt að láta staðar numið og samþykka óútfylltu eyðublöðin. Ef atvinnuþátttaka þeirra er í sama hlutfalli og annarra myndu ríflega 2.000 einstaklingar bætast við fjölda starfandi í manntalinu. Sé það rétt og ekkert að gert yrði fjöldi starfandi vanmetinn um nær 2%. Einkum yrði atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgarara vanmetin af þessum sökum en fjöldi þeirra á vinnumarkaði gæti vaxið um allt að 18% ef hinir óþekktu hefðu sömu hlutfallslegu virkni og þeir sem fylltu út skýrslurnar.

Bersýnilega þurfti því að tilreikna fjölda starfandi til að fá sem réttasta mynd af mannfjöldanum og atvinnuþátttöku hans í manntalinu 31. janúar 1981.

Aðferðin sem valin var er hin sama og lýst er hér að ofan um tilreiknun á aldri. Breyturnar sem skipt var eftir voru hins vegar nokkuð aðrar, kyn, aldur (átta sundurliðanir), búseta (fjórir landshlutar) og fjölskyldustaða (fjórir flokkar).

<sup>15</sup> Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar, nr. 54, apríl 1982

<https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/c7e86460-7647-4eb5-9563-65ea1e746b64.pdf>. [sótt á vefinn 3. júní 2022].



Vegna fámennis í hópi útlendinga var tilreiknað sérstaklega fyrir þá með einfaldari sundurliðun: kyn, aldur (þrjár sundurliðanir) og búseta (höfuðborgarsvæði/landsbyggð).

Gagnagjafarnir sem fengust með þessum hætti létu enn fremur í té upplýsingar um atvinnustétt, atvinnugrein og starfstétt en ekki var sérstaklega tilreiknað með tilliti til þeirra breytna. Þá voru þeir notaðir líka til að bæta svör við spurningum sem vörðuðu manntalsvikuna.

Til samanburðar má geta þess að samkvæmt samantekt Hagstofunnar á slysatryggðum vinnuvikum voru alls unnin 107.197 ársverk á Íslandi á árinu 1980.<sup>16</sup>

TAFLA 4.6.

## Virgni á vinnumarkaði 1920–1981

	1920	1930	1940	1950	1960	1981
Allur mannfjöldi	94.690	108.861	121.474	143.973	175.680	226.587
Virkir alls	39.861	47.644	52.505	63.595	68.140	111.009
Óvirkir alls	54.829	61.217	68.969	80.378	107.540	115.578
Innan 15 ára	...	...	36.164	42.916	61.326	61.917
Innan 16 ára	32.049	35.002	...	...	...	66.410
60 ára og eldri	5.482	6.928	...	...	11.789	17.663
65 ára og eldri	...	...	6.612	7.440	9.411	15.469
Aðrir óvirkir	17.298	19.287	62.357	72.938	86.340	82.446
Af hverjum 1.000 íbúum						
Virkir alls	421	438	432	442	388	490
Óvirkir alls	579	562	568	558	612	510
Innan 15 ára	...	...	298	298	349	273
Innan 16 ára	338	322	...	...	...	293
60 ára og eldri	58	64	...	...	67	78
65 ára og eldri	...	...	54	52	54	68
Aðrir óvirkir	183	177	513	507	491	364

<sup>16</sup> Hagtíðindi, 67. árg. 6. tbl. 1982, bls. 107. „Vinnuvikur 1980, eftir atvinnugreinum og stöðum á landinu. <https://timarit.is/page/5932391#page/n13/mode/2up> [sótt á vefinn 29. ágúst 2022]

#### 4.1.16. Atvinnustétt

Í manntalinu var spurt um aðalstarf og annað starf ef skipt var um starf á árinu. Flokkað var í atvinnustétt þar sem launþegar sem fengu hlut, unnu í uppmælingu eða fengu bónus voru aðgreindir frá öðrum launþegum. Auk þess voru flokkaðir atvinnurekendur og einyrkjar. Ekki var spurt um annars konar atvinnustétt jafnvel þó svo að í leiðbeiningum væri bent á að ólaunuð aðstoð við rekstur fjölskyldufyrirtækis teldist til vinnu.

Alls var 1.891 skýrsla með ótilgreinda atvinnustétt en ótilgreindum fjölgaði upp í 1.927 eftir að gögnum úr tilreiknun vegna atvinnuþátttökunnar hafði verið bætt við.

#### 4.1.17. Atvinnugrein

Atvinnugrein var skráð fyrir aðalstarfið 1980 en auk þess fyrir annað starf ef skipt var um starf á árinu. Flokkunarkerfið er fjögurra stafa og er byggt á alþjóðlega flokkunarkerfinu ISIC-1968. Það var eingöngu notað í manntalinu 1981<sup>17</sup> en Hagstofan og Þjóðhagsstofnun studdust við eldra flokkunarkerfi sem byggt var á ISIC-1958 allt frá 1970 til 1994.<sup>18</sup> Aðeins eru til vinnugögn um hvernig staðið var að aðlögun ISIC-1968 að íslenskum aðstæðum. Íslenska útgáfan er töluvert frábrugðin hinni alþjóðlegu hvað sjávarútveg og landbúnað varðar, sumstaðar er það sundurliðaðra en annars staðar er sett 0 í íslensku útgáfunni þar sem fjórði stafurinn á að vera. Þá var starfsemi Varnarliðsins flokkuð með sérstöku atvinnuveganúmeri.

Ekki var æskilegt að nýta flokkunarkerfi manntals 1981 enda erfitt að bera saman bæði við fyrri og síðari manntöl. Flokkunarkerfinu var varpað yfir á ÍSAT 2008-flokkunarkerfið miðað við tveggja stafa flokkun. Það er þó ekki fullkomið samræmi á milli gamla og nýja flokkunarkerfisins. Í sumum tilvikum er það vegna þess að nýjar atvinnugreinar hafa skipt um yfirflokk (eins og t.d. framleiðsla á ljósleiðurum sem höfðu áður verið flokkaðar með glergerð en eru nú flokkaðar annars staðar). Sömuleiðis hefur atvinnustarfsemi verið flutt á milli flokka, án þess að flokkurinn allur sé fluttur. Þetta á t.d. við um landslagsarkitektúr og skráðgarðyrkju sem áður var flokkað með garðrækt en hefur nú sinn eigin flokk. Í flokkunarkerfinu var Póstur og sími undir einu atvinnugreinanúmeri en hefði átt að skiptast á milli fjarskipta annars vegar og póst- og boðberaþjónustu hins vegar. Brugðið var á það ráð að láta þá starfsmenn sem unnu störf við póstafréiðslu og póstburð ráða flokkun stofnunarinnar í póst- og boðberaflokkinn en aðrir urðu eftir í fjarskiptaflokknum. Engin ástæða þótti til að halda starfsemi Varnarliðsins aðskilinni frá annarri starfsemi hins opinbera enda heyrir slík starfsemi að öllu jöfnu til verkefna ríkisins. Sú starfsemi er flokkuð með öðrum í flokknum 84 Opinber stjórnýsla, varnarmál og almannatryggingar.

Ekki er mögulegt að meta hversu mikið af atvinnustarfseminni er flokkuð í rangan ÍSAT 2008-atvinnugreinaflokk með endurvörpuninni án þess að endurkóta upp á nýtt sjálf eyðublöðin.

Alls vantaði atvinnugreinaflokkun fyrir 840 skýrslur en 857 þegar viðbótarupplýsingum hafði verið bætt við vegna tilreiknunar á atvinnuþátttöku.

Þegar borið er saman við fyrri manntöl þarf að fella atvinnugreinaflokkun að eldri flokkunum. Það er gert í meðfylgjandi töflu sem lagar atvinnugreinaflokkunina, bæði 1960 og 1981, að fyrri árum.

<sup>17</sup> Hagtíðindi, 70. árg. 6. tbl. 1985, bls. 128. „Atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar“, bls. 128. <https://timarit.is/page/5934381#page/n15/mode/2up> [sótt á vefinn 29. ágúst 2022].

<sup>18</sup> Hagstofa Íslands 1994. Íslensk atvinnugreinaflokkun - ÍSAT 95. 2. útgáfa. [https://hagstofa.is/media/49172/isat95\\_2utg\\_allt.pdf](https://hagstofa.is/media/49172/isat95_2utg_allt.pdf) [sótt á vefinn 29. ágúst 2022].

TAFLA 4.7.

## Starfandi fólk eftir atvinnugreinum 1940–1981

	Beinar tölur				Af 1.000 virkum			
	1940	1950	1960	1981	1940	1950	1960	1981
Alls	52.521	59.429	68.140	111.009	1.000	1.000	1.000	1.000
Landbúnaður	16.941	13.188	10.340	8.149	323	222	152	73
Fiskveiðar	7.413	6.155	5.288	6.225	141	104	78	56
Iðnaður	8.200	13.535	16.552	25.507	156	228	243	230
Byggingarstarfsemi	2.902	5.886	7.326	10.548	55	99	108	95
Veitur	307	774	639	1.263	6	13	9	11
Viðskipti <sup>1</sup>	4.001	5.806	8.655	18.714	76	98	127	169
Samgöngur <sup>1</sup>	4.095	5.010	5.290	8.587	78	84	78	77
Þjónusta <sup>1</sup>	8.646	9.021	10.540	31.159	165	152	155	281
Ótilgreint	16	54	3.510	857	0	1	52	8

<sup>1</sup> Vikið er frá flokkunarkerfi manntalsins 1981 og 1960 til að ná betri samanburði við fyrri ár. Þó er fjarri því að fullt samræmi sé í flokkuninni.

#### 4.1.18. Starfsstétt

Í manntalinu 1981 var einnig stefnt að því að taka í notkun starfaflokkun sem byggð væri á alþjóðlega flokkunarkerfinu ISCO-68 en þó með ýmsum íslenskum breytingum, einkum til að fjölga starfaflokkum í landbúnaði og sjávarútvegi. Aðeins eru til vinnugögn, en ekki formleg skýrslugerð, um frávikin.

Eins og með atvinnuvegaflokkunina þótti ekki ástæða til að nýta eldri drög að flokkunarkerfi. Flokkunarkerfinu var varpað yfir á fyrstu tvo stafi ÍSTARF 2021-flokkunarkerfisins. Vænta má nokkurrar skekkju því ekki er fullkomin samsvörun á milli flokkunarkerfanna. Útilokað er að meta þetta á þessu stigi en flokkun starfa hefur oft reynst erfið viðureignar og hvað þá vörpun á milli flokkunarkerfa með 50 ár frá gildistöku annars til hins síðara.

Alls vantaði starfaflokkun fyrir 1.136 einstaklinga en 1.163 þegar viðbótarupplýsingum hafði verið bætt við vegna tilreikunar á atvinnuþátttöku.

TAFLA 4.8.

## Starfandi fólk eftir starfstétt 1950–1981

	Beinar tölur			– Af hverjum 1.000 virkum –		
	1950	1960	1981 <sup>1</sup>	1950	1960	1981 <sup>1</sup>
<b>Allur mannfjöldinn</b>						
Virkir 15 ára og eldri alls	63.595	68.140	111.009	1.000	1.000	1.000
Tækni- og vísindastörf og skyld störf	2.759	4.330	18.254	43	64	164
Stjórnarstörf	2.593	1.539	3.786	41	23	34
Skrifstofustörf	2.739	4.131	11.446	43	61	103
Sölustörf	3.438	4.779	7.151	54	70	64
Landbúnaðarstörf	17.140	10.339	6.928	270	152	62
Sjómenn (fiskimenn og farmenn)	5.762	5.437	4.563	91	80	41
Samgöngustörf (nema farmenn), póst- og símastörf	3.485	4.428	5.619	55	65	51
Iðnaðarmenn, verksmiðjufólk, verkamenn	20.064	23.615	37.341	315	347	336
Þjónustustörf, sport- og skemmtanastörf	5.615	5.988	14.758	88	88	133
Ótilgreind störf	...	3.554	1.163	...	52	10
<b>Karlar</b>						
Virkir 15 ára og eldri alls	45.518	49.457	64.347	1.000	1.000	1.000
Tækni- og vísindastörf og skyld störf	1.880	2.791	10.877	41	56	169
Stjórnarstörf	2.403	1.464	3.272	53	30	51
Skrifstofustörf	1.741	2.358	2.986	38	48	46
Sölustörf	1.873	2.353	2.089	41	48	32
Landbúnaðarstörf	11.048	8.147	4.382	243	165	68
Sjómenn (fiskimenn og farmenn)	5.762	5.407	4.457	127	109	69
Samgöngustörf (nema farmenn), póst- og símastörf	3.153	3.805	5.516	69	77	86
Iðnaðarmenn, verksmiðjufólk, verkamenn	16.358	19.040	23.254	359	385	361
Þjónustustörf, sport- og skemmtanastörf	1.300	1.817	6.864	29	37	107
Ótilgreind störf	...	2.275	650	...	46	10
<b>Konur</b>						
Virkir 15 ára og eldri alls	18.077	18.683	46.662	1.000	1.000	1.000
Tækni- og vísindastörf og skyld störf	879	1.539	7.377	49	82	158
Stjórnarstörf	190	75	514	11	4	11
Skrifstofustörf	998	1.773	8.460	55	95	181
Sölustörf	1.565	2.426	5.062	87	130	108
Landbúnaðarstörf	6.092	2.192	2.546	337	117	55
Sjómenn (fiskimenn og farmenn)	-	30	106	-	2	2
Samgöngustörf (nema farmenn), póst- og símastörf	332	623	103	18	33	2
Iðnaðarmenn, verksmiðjufólk, verkamenn	3.706	4.575	14.087	205	245	302
Þjónustustörf, sport- og skemmtanastörf	4.315	4.171	7.894	239	223	169
Ótilgreind störf	...	1.279	513	...	68	11

<sup>1</sup> Í manntalinu 1981 er miðað við 16 ára og eldri. Starfaflokkum hefur verið hnikað til til að auðvelda samanburð við fyrri ár en þó er fjarri því að fullu samræmi hafi verið náð

#### 4.1.19. Stig hæstu menntunar

Hæsta menntunarstig er fundið úr menntunarskrá Hagstofunnar. Miðað er við þá sem voru 15 ára eða eldri á manntalsdegi. Skráin er sjálf stofnuð með framlagi úr manntalinu 1981 en að auki hefur verið bætt við hana miklu af upplýsingum um menntun úr starfsleyfaskrá og útskriftarlistum sem hafa náð til 1981 og fyrr. Flokkun manntalsins 1981 á menntunarstigi var ekki nútímaleg, t.d. var enginn greinarmunur gerður á mismunandi háskólagráðum. Menntunarskráin er því töluvert nákvæmari mælikvarði á menntun landsmanna í manntalinu 1981 en manntalið sjálft.

Hluti af gögnum menntunarskrárinnar er tilreiknaður. Gert er t.d. ráð fyrir að allir hafi lokið skyldunámi nema sérstaklega hafi verið tekið fram að svo væri ekki. Þá er enn fremur nokkuð um, einkum fyrir eldri gögn, að útskriftardagur sé tilreiknaður eftir ákveðnum reglum um líklega útskrift eftir menntunarstigi. Það getur leitt til skekkju á tilteknum tímum á árabílinu 1981 til dagsins í dag en ólíklega ef próf var lokið fyrir 31. janúar 1981.

Ekki eru til upplýsingar í menntunarskránni um 634 einstaklinga í manntalinu, langflesta óskráða einstaklinga af erlendum uppruna. Ekki er reynt að fylla í eyður fyrir þá einstaklinga.

Vegna menntunarskrárinnar er tiltölulega auðvelt að laga gögnin að flokkun eldri manntala á menntun landsmanna.

TAFLA 4.9.

#### Mannfjöldinn 15 ára og eldri eftir menntun 1950–1981

	Beinar tölur			– Af hverjum 1.000 íbúum –		
	1950	1960	1981	1950	1960	1981
Mannfjöldi 15 ára og eldri alls	99.615	114.354	164.670	1.000	1.000	1.000
Háskólapróf	1.205	1.793	9.385	12	16	57
Önnur sérmenntun	18.110	23.527	65.407	182	206	397
Stúdentspróf	2.709	4.140	6.913	27	36	42
Gagnfræðapróf	6.821	16.627	16.154	68	145	98
Aðrir án menntunar eftir skyldunám	70.770	68.267	66.811	710	597	406
Karlar 15 ára og eldri alls	49.512	57.097	82.481	1.000	1.000	1.000
Háskólapróf	1.112	1.618	6.660	22	28	81
Önnur sérmenntun	11.220	15.121	41.878	227	265	508
Stúdentspróf	2.214	3.137	3.179	45	55	39
Gagnfræðapróf	3.596	7.078	4.263	73	124	52
Aðrir án menntunar eftir skyldunám	31.370	30.143	26.501	634	528	321
Konur 15 ára og eldri alls	50.103	57.257	82.189	1.000	1.000	1.000
Háskólapróf	93	175	2.725	2	3	33
Önnur sérmenntun	6.890	8.406	23.529	138	147	286
Stúdentspróf	495	1.003	3.734	10	18	45
Gagnfræðapróf	3.225	9.549	11.891	64	167	145
Aðrir án menntunar eftir skyldunám	39.400	38.124	40.310	786	666	490

#### 4.1.20. Svið hæstu menntunar

Námssvið er fengið með sama hætti og stig menntunar úr menntunarskrá Hagstofu. Engin námssvið eru tilreiknuð í menntunarskránni.

Alls eru ótilgreind námssvið í 4.264 tilvikum.

### 4.2. Fjölskyldur

Fjölskyldugögn ná til allra fjölskyldna sem búsettar voru á landinu 31. janúar 1981. Einstaklingar sem ekki teljast til fjölskyldu eru ekki taldir með.

Með fjölskyldu er átt við fjölskyldukjarna sem samanstendur af tveimur einstaklingum sem eru í hjónabandi eða sambúð auk barna þeirra ef einhver eru á heimilinu. Fjölskylda er enn fremur foreldri ásamt börnum þess sem búa á sama heimili. Með barni er átt við líffræðilegt eða ættleitt barn óháð aldri þess. Enginn getur talist til fleiri en einnar fjölskyldu. Þannig teljast hjón sem búa með einu barni sínu og barni þess vera tveir fjölskyldukjarnar, hjónin og einstæða foreldrið með barninu.

Hér á eftir verður litið á hugtökin „fjölskylda“ og „fjölskyldukjarni“ sem samheiti.

#### 4.2.1. Flokkun í fjölskyldur

Á fyrri hlið íbúðarskýrslunnar fylltu íbúar út töflu þar sem hver heimilismaður var talinn upp í ákveðinni röð og merkt í hverjum dálki hvort einhver væri á heimilinu með skyldleikatengsl við einstaklinginn skv. heiti dálksins. Alls voru dálkarnir 10, þar af þrír fyrir ótengda, óskylda og leigjendatengsl. Ekki var gerður greinarmunur á börnum, tengdabörnum og barnabörnum né heldur móður og tengdamóður eða föður og tengdaföður, systkinum og tengdasystkinum en þó var gerður munur á móður og föður annars vegar og afa/ömmu hins vegar.

Auk þess var stuðst við þjóðskrá en þar eru makar og börn innan 16 ára aldurs skráð með sameiginlegt fjölskyldunúmer sem á þeim tíma var kennitala karlsins ef um hjón var að ræða en foreldrisins ef um fjölskyldu einstæðs foreldris var að ræða.

Í manntölunum 2011 og síðar eru engin aldursmörk á venslum foreldra og barna og skýrt að barn sem á maka eða barn getur ekki talist til fjölskyldu foreldranna. Barnabarn sem býr hjá afa og ömmu en foreldrar búa annars staðar telst ekki til fjölskyldu afans og ömmunnar. Til að fjölskyldur í manntalinu 1981 væru sambærilegar síðari manntölum varð því að endurgera fjölskyldubreytuna frá grunni.

Það flækti vinnuna að venslataflan var ekki alltaf rétt fyllt út. Einstaklingar í sambúð með maka sem átti börn áttu t.d. líka að skrá þau sem sín en þar voru vanhöld á. Fyrir kom að móðirin merkti í móðurdálkinn en barnið í afkomandadálkinn en með því var venslum þeirra snúið við. Ekki bætti úr skák að skrá átti skyldmenni á skýrslurnar sem voru fjarverandi en gera mátti ráð fyrir að kæmu aftur, t.d. úr námi eða störfum erlendis. Þetta leiddi til þess að þegar búið var að ákveða hverjir byggju á heimilinu í reynd voru ýmsir dálkar sem vísuðu til einstaklinga utan heimilisins fylltir út hjá þeim sem bjuggu á heimilinu.

Endurflokkunin fór að mestu fram með því að beita 49 rökfræðilegum reglum en að auki voru færslur 142 einstaklinga leiðréttar eftir frekari skoðun. Of langt er að telja upp allar reglurnar hér þær má finna í viðauka en 1. reglan hljómar einfaldlega svo: „Allir fullorðnir sem deila fjölskyldunúmeri (skv. þjóðskrá) eru makar hvor annars.“ Með þessari reglu náðist að leiðrétta 416 færslur.

Fyrir endurflokkunina voru 51.722 einstaklingar flokkaðir sem einstæðingar án fjölskyldu en 174.865 einstaklingar flokkaðir saman í 60.701 fjölskyldu. Eftir endurflokkunina hafði

einstæðingum fækkað um meir en helming, niður í 23.976 en fjölskyldum fækkað um ríflega tvö þúsund, í 58.488.

Eins og fyrr er getið í umfjöllun um efnisatriðið Vensl við viðmiðunareinstakling voru tækifæri á að skoða allt að 242 færslur til viðbótar þar sem glöggur skoðunarmaður hefði ef til vill getað komið auga á vensl sem voru illa skráð. Það tækifæri var þó látið ónotað. Það eru því líkur á að einstaklingar sem standa utan fjölskyldu séu eitthvað oftaldir.

#### 4.2.2. Tegund og stærð fjölskyldu

Með tegund kjarnafjölskyldu er átt við hvort fjölskylda sé mynduð af hjónum með eða án barna eða einstæðum foreldrum og börnum þeirra. Í manntalinu 2011 og síðar er fjölskyldum hjóna ennfremur skipt eftir því hvort hjónin eru af sama kyni eða ekki. Staðfest samvist fólks af sama kyni telst sem hjónaband. Engu slíku var til að dreifa árið 1981 en eitt slíkt par var þá í óvígðri sambúð. Sambúðarform eru ekki flokkuð eftir kyni paranna.

Stærð fjölskyldu er einfaldlega fjöldi einstaklinga í fjölskyldunni.

### 4.3. Heimili

Þegar manntöl eru tekin, eða hvers kyns rannsókn sem byggist á upplýsingum frá einstaklingunum sjálfum, má skilgreina heimili sem hóp fólks sem býr í sömu íbúð og hefur sameiginlegt heimilishald, þ.e. deilir tekjum og útgjöldum vegna reksturs heimilisins, þar með talið matseld. Ef manntöl byggjast hins vegar á skráargögnum, s.s. þjóðskrá, liggja hins vegar aðeins fyrir upplýsingar um þá sem deila íbúð.

Þegar vinnugögn fyrir manntalið eru skoðuð virðist sem ætlunin hafi verið að nota fyrri skilgreininguna. Í reynd var það hins vegar hin síðari sem varð ofan á. Önnur málsgrein 5. gr. laganna um manntal 31. janúar 1981 er skýr hvað þetta varðar þótt leiðbeiningarnar séu að öðru leyti óræðar um útfyllingu á íbúðarskýrslunni:

Hver umráðamaður húsnæðis skal sjá svo um, að skýrsla sú, er um ræðir í fyrri málsg. 4. gr., sé gerð fyrir hvern einstakling fæddan á árabílinu 1965 til 1968, sem er í íbúð hans. Honum ber og að annast um, að skýrsla þessi sé gerð fyrir alla fjarverandi einstaklinga, þar á meðal fyrir þá, sem dveljast erlendis og skulu teknir á skýrslu (sbr. 2. málsg. 3. gr.), og það jafnt þótt þeir séu ekki taldir heimilisfastir hér á landi. Hver umráðamaður húsnæðis skal og beita sér fyrir því, að skýrsla þessi sé látin í té fyrir alla einstaklinga í íbúðinni, sem fæddir eru 1968 eða fyrr, og að hafa þær allar tiltækar á tilsettum tíma.

Með heimilum er eingöngu átt við einkaheimili en fólk á stofnanaheimilum er undanskilið. Alls voru heimilin 68.341 hinn 31. janúar 1981.

TAFLA 4.10.

## Heimili, stofnanaheimili og meðalstærð heimila 1703–1981

	Mannfjöldi			Fjölskylduheimili			
	Alls	Stofnanaheimili	Einbýlingar og leigjendur	Mannfjöldi	Heimili	Meðalstærð	Meðalstærð einkaheimila alls
1703	50.358	153	567	49.638	7.622	6,51	6,13
1910	85.183	623	644 <sup>1</sup>	83.916	14.050	5,97	5,75
1920	94.690	661	970 <sup>1</sup>	93.059	16.650	5,59	5,34
1930	108.861	1.813	618 <sup>1</sup>	106.430	20.259	5,25	5,13
1940	121.474	2.205	5.418	113.851	24.201	4,70	4,03
1950	143.973	1.935	6.642	135.396	30.820	4,39	3,79
1960	175.680	2.793	5.846	167.041	38.553	4,33	3,89
1981	226.587	3.632	15.139 <sup>1,2</sup>	207.816	55.655	3,73	3,23

<sup>1</sup>Leigjendur sem ekki eru mótunautar eru ekki greindir frá leigjendum sem eru mótunautar og teljast því til heimilis.

<sup>2</sup>Einhleypingar sem búa saman voru 4.377 á 1.924 heimilum hinn 31. janúar 1981.



#### 4.3.1. Tegund og stærð heimilis

Einkaheimili eru flokkuð á grundvelli fjölskyldusamsetningar innan heimila. Langflest heimilin eru mynduð af einum fjölskyldukjarna en einnig eru heimili einbýlinga eða einstæðinga sem nýta sömu íbúð og heimili sem sett eru samana af einni fjölskyldu og öðrum fjölskyldum og/eða einstæðingum.

Með stærð heimila er átt við fjölda þeirra einstaklinga sem teljast til heimilisins. Hér er um að ræða einfalda talningu eftir að búíð er að skrá alla íbúana til heimilis.

#### 4.3.2. Umráð yfir íbúð

Í spurningu 3 á bakhlið íbúðarskýrslunnar var spurt hvernig umráðum íbúðarinnar væri háttað.

Tveir meginflokkar einkenna umráð yfir íbúðinni sem heimilið hefur yfir að ráða. Annars vegar er um að ræða eignaríbúð, hins vegar leiguíbúð. Í manntalinu 1981 var boðið upp á ýmsa möguleika leiguumráða. Í manntalinu vísar annars konar umráðaréttur til þeirra sem leigja hjá vinnuveitanda sínum en húsnæðið fylgir vinnu.

#### 4.3.3. Aðgengi að fólksbifreið

Með aðgengi að fólksbifreið er átt við að einn eða fleiri heimilismaður hafi aðgengi að fólksbifreið til afnota. Í manntalinu var spurningin „Hafa þeir, sem eiga heima í íbúðinni eða dveljast þar, umráð yfir bifreið til einkanota?“ lögð fyrir landsmenn í 10. spurningu á 2. hlið íbúðarskýrslunnar og gefinn möguleiki á að nefna 0, 1, 2 eða 3 eða fleiri bifreiðar.

#### 4.3.4. Fjöldi fullorðinna (18-67 ára) á heimilinu með vinnu

Fullorðinn í fjölskyldu er sá sem orðinn er 18 ára. Um er að ræða einfalda talningu á fjölda slíkra skv. manntalsatriðinu Virkni á vinnumarkaði í samanburði við fjölda fullorðinna á heimilinu. Til að auðvelda samanburð eru einnig sett efri aldursmörk þannig að aðeins er um að ræða heimili þar sem að minnsta kosti einn heimilismaður er á aldrinum 18 til 67 ára.



#### 4.4. Híbýli

Með híbýli er átt við vistarveru sem er vanalegur búsetustaður eins einstaklings eða fleiri eða venjulega íbúð sem stendur auð á manntalsdegi.

Gögn um híbýlin í manntalinu 1981 fengust aðallega af tveimur eyðublöðum, annars vegar bakhlið íbúðarskýrslunar með lýsingu á íbúðinni og hins vegar af bakhlið hússkýrslunar með lýsingu á húsinu.

Alls voru 14 spurningar um húsið á seinni hlið hússkýrslunnar en 11 skráningaratriði á bakhlið íbúðarskýrslunnar sem vörðuðu íbúðina sjálfa. Af þeim er hægt að setja saman 13 breytur sem samsvara breytum um híbýlakost í síðari manntölum þar af öllum þeim breytum sem skuldbundið var að gera skv. ESB-reglugerðum í manntalinu 2011 og síðar.

##### 4.4.1. Tegund vistarvera

Vistarvera er húsnæði sem er vanalegur búsetustaður eins einstaklings eða fleiri.<sup>19</sup> Þá skiptir ekki máli hvers konar húsnæði er um að ræða. Húsnæði sem stendur autt er ekki talið með.

Til að setja saman breytuna voru notuð svör við fyrstu tveimur spurningum á hússkýrslunni í manntalinu 1981: Gerð og nýting hússins. Þá var litið til flokkunar á stofnanaheimilum en sú flokkun fór fram í frumvinnslu manntalsins.

Með venjulegum íbúðum í notkun er átt við afmarkað og sjálfstætt húsnæði á föstum stað sem er hannað fyrir varanlega búsetu manna og er nýtt til búsetu á manntalsdeginum.<sup>20</sup>

Með „afmarkað“ er átt við að húsnæðið sé umlukið veggjum og með þaki eða lofti þannig að einn eða fleiri einstaklingar geti búið út af fyrir sig og „sjálfstætt“ og að það sé með beinum aðgangi frá götu eða stiga, gangi, súlnagöngum eða lóð.<sup>21</sup> Íbúðir í húsum þar sem gerð hússins samkvæmt spurningu 1 var kótuð á bilinu 1 til 5 voru flokkaðar sem venjulegar íbúðir.

Með „öðru húsnæði“ er átt við skúra, kofa, hreysi, hjalla, hjólhýsi, húsbáta, hlöður, myllur, hella eða hvert annað skýli sem notað er til mannbústaðar þegar manntalið er gert án tillits til þess hvort það var hannað í því skyni.<sup>22</sup> Sama á við um t.d. bílskúra sem hafa verið innréttuðir til íbúðar. Sumarbústaðir sem hannaðir eru til árstíðarbundinnar dvalar teljast einnig í flokknum „annað húsnæði.“ Vistarverur í húsum þar sem gerð hússins var flokkuð sem „hús annarrar gerðar“ eru láttnar ná til „annars húsnæðis“ samkvæmt handbók manntalsins 2021. Þó getur verið að margar slíkar íbúðir falli í reynd undir skilgreininguna á „venjulegri íbúð“.

„Sambýlishúsnæði“ er húsnæði sem hannað er til búsetu stórra hópa einstaklinga eða fyrir nokkur heimili og a.m.k. einn einstaklingur notar til vanalegrar búsetu þegar manntalið er gert.<sup>23</sup> Vistarverur þar sem gerð hússins í spurningu 1 á hússkýrslunni var flokkað sem elliheimili eða gistihús og spítalar voru flokkaðar sem sambýlishúsnæði.

Breytan nær til allra vistarvera sem búið er í.

<sup>20</sup> Reglugerð ESB nr. 2017/543

<sup>21</sup> Reglugerð ESB nr. 2017/543

<sup>22</sup> Reglugerð ESB nr. 2017/543

<sup>23</sup> Reglugerð ESB nr. 2017/543

#### 4.4.2. Nýting venjulegra íbúða

Auk venjulegra íbúða í notkun teljast með í húsnæðistali venjulegar íbúðir sem standa auðar á manntalsdegi eða eru nýttar af eigendum sínum til árstíðabundinnar dvalar.<sup>24</sup> Engar upplýsingar voru í manntalinu 1981 um hið síðarnefnda.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### 4.4.3. Eignarhaldsform

Gerð er grein fyrir hvernig eignarhaldi er háttað í skýringum við efnisatriðið Umráð yfir íbúð hér að framan.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### 4.4.4. Tala íbúa

Með fjölda íbúa er átt við þá sem höfðu vanalega búsetu í íbúðinni á manntalsdegi.

Breytan nær til venjulegra íbúða í notkun.

#### 4.4.5. Fjöldi herbergja

Herbergi er skilgreint sem rými í íbúð, umlukið veggjum sem ná frá gólfi upp að lofti eða þaki, nógu stórt undir rúm fyrir fullorðinn (a.m.k. fjórir fermetrar) og með a.m.k. tveggja metra lofthæð að stærstum hluta.<sup>25</sup> Svipuð skilgreining var á eyðublaðinu en þar segir:

Herbergi merkir hér húsrúm með minnst 4ra fermetra gólfhlöt. Aðeins eiginleg íveruherbergi teljast herbergi í þessu sambandi, svo sem dagstofa, skáli, borðstofa, svefnherbergi o.fl. Sérstök athygli er vakin á því að húsrúm, sem að hluta til er ætlað til að gegna hlutverki borðstofu og að hluta til vera dagstofa, telst 2 herbergi, þótt ekki sé skilrúm milli hvors um sig. Eldhús og baðherbergi teljast ekki herbergi, og ekki gangar, forstofa, þvottaherbergi, geymslur o.fl. Sama gildir um allt annað húsrúm, sem hefur gólfhlöt minni en 4 fermetrar.

Í manntalinu 31. janúar 1981 var ekki spurt um flatarmál íbúðarinnar. Slíkt kom þó til greina en þegar leitað var umsagnar töldu fæstir umsagnaraðila fært að fá fram rétta flokkun eftir flatarmáli. Í gangi væru margs konar tölur, innanmál, utanmál og heildareign og færi eftir því hvort menn hefðu byggt sjálfir eða keypt notað husnæði hvaða tölu þeir þekktu og notuðu.

Mat á stærð íbúða var því gerð með því að leita eftir fjölda herbergja í spurningu 5 á íbúðarskýrslunni.

Við hönnun og framkvæmd á spurningu 5 urðu hins vegar mistök. Á eyðublaðinu var fremsti reiturinn með almennri spurningu, einhvers konar inngangi, en síðan fjórir eiginlegir reitir með sértækum spurningum um fjölda einstakra herbergistegunda. Í fyrsta reitinn skyldi skrá fjölda herbergja innandyra í íbúðinni. Í þeim tilfellum sem aðeins var um eitt svar að ræða skráðu margir heildarfjölda herbergja innandyra í reitinn með almennu spurningunni en slepptu því að fylla í aðra reiti. Hins vegar var aðeins vélskráð upp úr síðari reitunum í gagnagrunninn og því glötuðust þessi gögn.

Ef aðeins eru skoðaðar venjulegar íbúðir voru 7.127 íbúðir af 69.322 án skráðs herbergjafjölda eða 10,3%. Þessu til viðbótar voru 39 (0,1%) íbúðir skráðar með herbergjafjölda frá 15 upp í 38 sem var ekki gert neitt frekar við.

Í þeim tilvikum þar sem byggingar frá 1981 stóðu enn í manntalinu 2011 má nýta þá herbergjaskráningu til að fylla í götin.

<sup>24</sup> Reglugerð ESB nr. 2017/543

<sup>25</sup> Reglugerð ESB nr. 2017/543

Það er þó engan veginn víst að um sé að ræða fyllilega sambærilega skilgreiningu á því hvað telst vera herbergi. Með því að bera saman heimilisföng 1981 og 2011 og bera saman heildarfjölda herbergja að viðbættum stofufjölda, að því tilskyldu að enga íbúð vantaði herbergi í gögnunum frá 1981 og fjöldi íbúða á heimilisfangi væri hinn sami, reiknaðist fylgnin á milli meðalfjölda herbergja í íbúð 1981 og 2011 sem  $r = 0,91$  og í 87% tilvika munaði minna en þremur herbergjum á milli þessara tveggja mælinga.

Tilreiknunarinn fór fram í tveimur atrennum. Ef fjöldi herbergja á heimilisfanginu 2011 var meiri en fjöldi herbergja á sama heimilisfangi 1981 var deilt í mismuninn með fjölda íbúða sem vantaði herbergi. Ef útkoman úr deilingunni var á bilinu 1 til 13 herbergi var mismuninum skipt jafnt á milli herbergislausu íbúðanna en ef herbergi vantaði til að allar fengu jafnt var umfram íbúðum úthlutað herbergjum með slembiaðferð. Alls fengu 4.605 íbúðir eitt eða fleiri herbergi með þessari aðferð.

Í síðari atrennunni var reiknaður meðalfjöldi herbergja í íbúðunum sem þegar höfðu skráðan herbergisfjölda og íbúðunum sem ekki höfðu herbergisfjölda á sama staðfangi úthlutað þessu meðaltali (heiltölunni). Alls fengu 617 íbúðir reiknaðan herbergisfjölda með þessari aðferð.

Alls stóðu 1.905 íbúðir eða 2,7% eftir með ótilgreindan fjölda herbergja.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### **4.4.6. Þröngbýli**

Manntalsatriðið þröngbýli er afleidd breyta og er fundin með því að bera saman fjölda herbergja og íbúðafjölda í íbúðinni. Henni er ætlað að mæla hversu þröngt íbúarnir búa.

Breytan nær til venjulegra íbúða í notkun.

#### **4.4.7. Íbúðir eftir tegund byggingar**

Spurning 1 á hússkýrslunni er efniviðurinn í breytuna TOB. Hún var nýtt nær óbreytt.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### **4.4.8. Byggingartími**

Upplýsingar um byggingartíma eru fengnar úr spurningu 4 á hússkýrslunni. Upplýsingar vantar um 7,0% húsanna. Hægt var að fá byggingartíma viðkomandi húss úr fasteignaskrá 2011 fyrir um 5,6%, þ.e. bróðurpartinn af þeim húsum sem gögn vantar um.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### **4.4.9. Lyfta**

Á hússkýrslunni var spurning um hvort lyfta væri í húsinu.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### **4.4.10. Vatnsveita**

Á hússkýrslunni var spurning um hvort vatn væri leitt í húsið.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### **4.4.11. Baðaðstaða**

Á íbúðarskýrslunni var spurt um baðker og steypibað.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### 4.4.12. Salernisaðstaða

Á íbúðarskýrslunni var spurt um vatnssalerni í íbúðinni.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

#### 4.4.13. Miðstöðvarhitun

Á hússkýrslunni var spurt um hvað notað væri til upphitunar. Valkostirnir voru fimm, sem allir krefjast miðstöðvarhitunar. Boðið var upp á valkostinn „annað“. Það var talið sem eitthvað annað en miðstöðvarhitun.

Breytan nær til venjulegra íbúða.

### 4.5. Staðföng

Með staðfangi er átt við það sem kallast á erlendum málum „address.“ Oftast er talað um heimilisfang, en á síðari tímum hefur verið hallast að hugtakinu „staðfang“ sem er hlutlausara um hvað sé að finna á „fanginu“. Í manntalinu 1981 er þó aðeins um hefðbundna húskóta að ræða, hvert hús á hússkýrslu telst eitt staðfang. Gerð er grein fyrir sveitarfélagaskiptingu mannfjöldans, þéttbýlisstöðum og byggðarstigi hér að framan.

Húskótinn býður aðeins upp á flokkun eftir sveitarfélögum og götum. Til að flokka eftir landfræðilegum mörkum, t.d. hverfum, smásvæðum eða þéttbýlismörkum, þurfa að liggja fyrir hnit fyrir hvert og eitt staðfang. Þá verður einnig kleift að flokka hnitin eftir reitakerfi en skipta má landinu upp í rúmlega 100 þúsund jafnstóra ferninga sem hver er einn kílómetri á hlið og flokka efnisatriði manntalsins eftir þeim.

Hægt er að taka saman svæðisbundnar upplýsingar yfir allar tölfræðieiningar manntalsins:

- Einstaklingar
- Fjölskyldur
- Heimili
- Híbýli

#### 4.5.1. Hnitsetning

Við undirbúning manntalsins 2021 var utanumhaldi um heimilisföng og húskóta breytt þannig að í stað breytilegs húskóta (kóti húss breytist ef götuheiti breytist eða sveitarfélög sameinast) var tekið upp fast auðkenni við vinnslu gagnanna. Jafnframt þessu var fundið hnit fyrir nær öll staðföng í þéttbýli allt aftur til 1990 en um sveitabæi sem lagst hafa í eyði var látið nægja að skrá svæðið. Hnitsetning er grundvöllur hverskyns kortagerðar og svæðaskiptingar mannfjöldans og húsnæðisins.

Þegar fýsileiki þess að ljúka vinnu við manntalið 1981 var kannaður veturinn 2021-22 þótti einboðið að ljúka þurfti við að hnitsetja heimilisföng allt aftur til 1981. Þetta var að stærstum hluta auðvelt enda breytast heimilisföng ekki auðveldlega. Einu vandamálin sem sköpuðust voru vegna sveitabæja sem voru farnir í eyði, húsa utan götugerfa sem höfðu verið rifin og breytinga á húsheitum og götuheitum fyrir 1986 sem ekki voru skráðar í breytingaskrá þjóðskrár sem var stofnuð það ár.

Alls eru 40.272 einstök staðföng í manntalinu. Þar af eru 1.453 sem voru tilreiknuð sérstaklega vegna manntalsins með því að koma þeim fyrir einhvers staðar á tilteknu landsvæði eða hverfi. Ennfremur voru önnur 1.087 tilreiknuð í fyrri nálgunum. Í þeim tilvikum var einnig markmiðið að tryggja að þau væru a.m.k. á réttu svæði.

Staðfangaskrá þjóðskrár er að öðru leyti aðalheimildin að baki hnitsetningum Hagstofunnar.

Öll hnit eru miðuð í ISN93 Lambert keilu-hnitkerfinu (EPSG = 3057).

#### 4.5.2. Reitir (1 km<sup>2</sup> og 100 m<sup>2</sup>)

Með hnitsetningu staðfanga skapast grundvöllur fyrir því að skipta landinu upp í reiti eða ferninga sem eru jafnlangir á hverja hlið. Til þess þarf annað viðmiðunarkerfi en Lambert keilu sem er nokkuð þjagað enda hugsað til að varpa yfirborði hnattar á flatt kort. Landmælingar Íslands hafa gefið út hnitakerfið ISN2004-laeg (EPSG = 9947) sem tryggir jafna stærð allra reitanna. Öllum staðföngunum hefur verið komið fyrir í reitakerfunum, bæði í ferkílómetrum og í hektörum (hundrað fermetrar).

Ástæða er til að ætla að nokkuð sé um skekkjur að ræða, þ.e. tilreiknuð staðföng hafi ekki lent á réttum reitum. Einkum á það við hektarana en það er þó ekki áhyggjuefni því hektararnir koma nánast eingöngu að gagni í þéttbýli, en þar eru tilreiknuðu hnitin til muna nákvæmari en í sveitum.

## 5. Aðrir efnispættir sem eru ósambærilegir manntölum 2011 og síðar

Hér verður gerð grein fyrir skráningaratriðum sem spurt var um í manntalinu 31. janúar 1981 en er ekki hægt að bera saman við manntölin 2011 og síðar. Gögnunum er þó komið fyrir á aðgengilegan hátt þannig að auðvelt er að nýta þau til rannsókna ef á þarf að halda.

### 5.1. Einstaklingar

#### 5.1.1. Fjöldi lifandi fæddra barna

Spurningu 4 á einstaklingseyðublaðinu var beint eingöngu til kvenna. Hve mörg lifandi fædd börn hefur þú eignast? Spurningin var lögð fyrir allar konur og stúlkur sem fæddar voru 1968 eða fyrr.

Töluvert var um ótilgreind svör, eða 10.424 af 88.160, langflest í yngstu aldurshópunum. Af þeim voru aðeins 16 sem neituðu beinlínis að svara. Þá voru auk þess sjö stúlkur undir 18 ára aldri sem sögðust hafa átt fjögur börn eða fleiri. Þeim svörum var breytt í ótilgreint. Sú kona sem flest hefur átt börn nefndi 20. Ekki er ástæða til að draga það í efa né önnur svör þar sem fjöldi barna er langt umfram það sem nú þekktist.

#### 5.1.2. Búseta 1980, 1976, 1971 og 1961

Í fyrstu spurningu á einstaklingsskýrslunni voru íbúar beðnir að gefa upp heimilisfang sitt 31. janúar 1980 (ári fyrr), 31. janúar 1976, 31. janúar 1971 og 31. janúar 1961. Sveitarfélag búsetu var skráð sem og hvort heimilisfang væri hið sama og næst á eftir. Þá voru sveitarfélögin flokkuð eftir landsvæðum sem samsvara að mestu leyti núverandi landsvæðaskiptingu Hagstofunnar að því undanskildu að höfuðborgarsvæðið var þá án Kjalarnes- og Kjósarhrepps, Austur-Skaftafellssýsla og Sauðaneshreppur tilheyrðu þá Austurlandi, Siglufjörður Norðurlandi vestra og Bæjarhreppur á Ströndum var talinn með Vestfjörðum.

#### 5.1.3. Heimilisstörf

Manntalið var tekið 31. janúar 1981 sem var á sunnudegi. Vikan þar á undan, 24.-30. janúar, telst vera manntalsvika. Í spurningu 9 var spurt hvort viðkomandi hefði sinnt heimilisstörfum í a.m.k. 120 klst. samanlagt árið 1980. Þeir sem svöruðu játandi voru spurðir hversu margar klukkustundir þeir hefðu sinnt heimilisstörfum í manntalsvikunni. Spurningin hefur hvorki fyrr né síðar verið lögð fram í manntali á Íslandi.

#### 5.1.4. *Atvinna í manntalsvikunni*

Í spurningum 10 og 12 var spurt sérstaklega um atvinnu í manntalsvikunni. Í spurningu 10 var spurt hvort svarandi hefði haft tekjur af atvinnu í manntalsvikunni. Í skýringum eru orlofstekjur og veikindafjarvist talin með en auk þess starf með öðrum heimilismanni í atvinnu hans þótt ólaunuð væri. Áður er fjallað um gildi þessarar spurningar og af hverju hún var ekki nýtt til að meta stöðu viðkomandi á vinnumarkaði í manntalinu 1981.

Í spurningu 12 var spurt um vinnutíma í manntalsvikunni og hvort það væri venjulegur vinnutími.

Spurningarnar voru lagðar fyrir alla 13 ára og eldri en í lokavinnslunni eru börn á aldrinum 12 til 15 ára undanskilin. Alls voru 834 börn á þessum aldri sem svöruðu játandi í spurningu 10 en 390 þeirra gáfu upp 0 klst. vinnuviku í manntalsvikunni.

#### 5.1.5. *Ferðir til og frá vinnustað í manntalsvikunni*

Í spurningu 11 var spurt um staðsetningu vinnustaðarins. Þótt spurt væri um heimilisfang (götu og húsnúmer) var einungis sveitarfélagið skráð í gagnagrunninn. Á grundvelli hennar er þó hægt að átta sig á því hverjir sóttu vinnu yfir sveitarfélagamörk og í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði yfir hverfamörk.

Í spurningu 13 var spurt um ferðir til og frá vinnustað í manntalsvikunni. Spurt var hvort viðkomandi hafi farið til vinnu eða unnið að heiman, hversu lengi hann hafi venjulega verið á leiðinni og hver ferðamátinn hafi verið. Spurningarnar eru óháðar spurningum 10 og 12 þannig að nokkurs ósamræmis gætir. Þannig eru 539 sem ekki svöruðu játandi spurningu 10 en sögðu í svörum við spurningu 13 að þeir hefðu haft atvinnu í viðmiðunarsvikunni sem þeir annað hvort sóttu eða voru fjarverandi frá. Þetta er ekki samræmt hér.

#### 5.1.6. *Meginframfærsla*

Í spurningu 14 var spurt hvaðan svarandi hafði framfæri sitt árið 1980. Þrír valmöguleikar voru gefnir og átti að krossa við þann mikilvægasta.

#### 5.1.7. *Lífeyrissjóðir*

Í 15. spurningu var innt eftir aðild að lífeyrissjóði og greiðslur úr lífeyrissjóði. Spurt var að því hver lífeyrissjóðurinn væri en því var sleppt í vélskráningunni. Nokkuð var um að svör stönguðust á. Þeir sem svöruðu því að þeir hvorki greiddu í né fengju greitt úr lífeyrissjóði svöruðu svo játandi um annan hvorn næsta lið spurningarinnar. Þau svör eru tekin gild.

#### 5.1.8. *Starfshlutfall og rekstrarform vinnuveitanda*

Í 16. spurningu var innt eftir því hvort svarandi hefði stundað vinnu í 120 klst. eða lengur á árinu 1980 og hve lengi. Í næstu tveimur spurningum var innt nánar eftir starfinu sem var stundað aðallega og ef viðkomandi hafði skipt um starf þá var líka spurt um það. Það starf sem viðkomandi stundaði í nóvember á árinu 1980 er lagt til grundvallar atvinnubreytunum í manntalinu. Tvö manntalsatriði áttu sér ekki samsvörun við nútímamanntölin. Það voru annars vegar starfshlutfall og hins vegar rekstrarform atvinnurekandans.

Flokkun rekstrarforms hefur verið nokkuð einfölduð frá upphaflegri flokkun. Helsta breytingin er sú að starfsemi á vegum Varnarliðsins er færð undir starfsemi ríkis og sveitarfélaga.

#### 5.1.9. *Aukastarf*

Í lokaspurningunni á einstaklingseyðublaðinu var spurt að því hvort viðkomandi hafi haft aukastarf í a.m.k. 120 klst. meðfram aðalstarfi árið 1980 eða í leyfi frá aðalstarfi. Aukastarfið var síðar flokkað með sama hætti og aðalstarfið.

## 5.2. Heimili og híbýli

### 5.2.1. Staðsetning í húsinu

Fjórða spurningin á bakhlíð íbúðarskýrslunnar snýr að staðsetningu íbúðarinnar í húsinu. Gert var ráð fyrir að hæðin væri gefin upp en látið var nægja í vélskráningunni að skrá hvort íbúðin væri í kjallara, á hæð eða í risi.

### 5.2.2. Önnur herbergjanotkun

Í spurningu 5 um herbergi í íbúðinni var einnig spurt um tölu herbergja utan íbúðar sem íbúðarhafi réði yfir, herbergja sem eingöngu væru notuð til atvinnurekstrar sem og um fjölda herbergja sem nýtt væru af leigjanda eða leigjendum.

### 5.2.3. Eldhús og eldunaraðstaða

Í spurningu 6 var spurt „Hvaða eldunaraðstaða er í íbúðinni?“ en í spurningu 7 var spurt „Hvaða orka er notuð til matseldar?“ Ekki þarf að vera full samsvörun á milli svaranna og er það heldur ekki. Þannig er hægt að svara því að hvorki sé eldhús né eldhúskrókur í fyrri spurningunni en samt elda mat í íbúðinni. Þessu getur líka verið öfugt farið.

Ef um var að ræða aðra orku en rafmagn til eldunar var spurt hver sú orka væri. Þær upplýsingar voru hins vegar hvorki skráðar né flokkaðar enda fá heimili sem gáfu slík svör.

### 5.2.4. Heimilistæki

Í spurningu 9 var innt eftir því hvort ýmis valin heimilistæki væru til staðar í íbúðinni, þ.e. kæliskápur, frystikista, uppþvottavél, sími eða sjónvarp.

### 5.2.5. Byggingarefni

Í spurningu 3 á hússkýrslunni var spurt úr hverju útveggir hússins væru. Þá er miðað við útveggi ofan kjallara.

### 5.2.6. Upphitun

Í spurningu 11 á hússkýrslunni var spurt um það hvað væri notað til upphitunar. Spurningin var nýtt til að fylla í efnisatriðið um hvort miðstöðvarhitun væri í íbúðinni en hvernig upphitun er háttað er sjálfstætt efnisatriði, t.d. hitaveita, rafmagn eða olía.

### 5.2.7. Rafmagn, vatn, skólp og sorp

Í spurningu 12 á hússkýrslunni var spurt hvort rafmagn væri leitt í húsið og hvort það væri frá almenningsveitu. Sömu valkostir voru í spurningum 13 um vatn og í spurningu 14 um hvort skólp væri leitt frá húsinu. Í spurningu 15 var spurt um það hver annaðist sorphreinsun, sveitarfélagið eða einhver á vegum þess eða húsráðandi eða einhver á vegum hans.

## 5.3. Húsið

Í manntölunum sem tekin eru í samræmi við reglugerðir Evrópusambandsins, 2011 og 2021, er byggingin sem íbúðin er í ekki sjálfstæð hagskýrslueining. Atriði sem varða bygginguna, t.d. byggingartími eða lyfta, eru þá talin einkenni íbúðarinnar. Síðustu skráningaratriðin af hússkýrslunni sem hér verður fjallað um er þó eingöngu hægt að skoða með bygginguna sjálfa

sem hagskýrslueiningu. Umfjöllunin er bundin við þau hús sem skilgreind eru sem íbúðarhús, þ.e. sem aðeins voru hönnuð til íbúðar og þar sem var búið á manntalsdeginum. Þau voru alls 39.242 hinn 31. janúar 1981.

### **5.3.1. Fjöldi hæða og íbúða**

Í spurningu 5 á hússkýrslunni var spurt um fjölda hæða í húsinu að frádregnum kjallara eða risi. Í spurningu 9 var spurt um fjölda íbúða í húsinu. Svörin voru ekki borin saman þannig að 142 íbúðarhús hafa aðeins eina íbúð en eru þó þriggja hæða eða hærri.

### **5.3.2 Kjallarar, ris og aukaherbergi**

Í spurningu 6 var spurt hvort kjallari væri í húsinu og fjöldi íbúðarherbergja þar. Samhljóða spurning um ris kom næst á eftir. Í spurningu 10 var spurt hvort einhver íbúðarherbergi væru í húsinu án þess að tilheyra einhverri íbúð og hversu mörg.



## 6. Önnur manntöl

1703	Hagskýrslur Íslands II, 21 1960. <a href="https://timarit.is/page/6643473">https://timarit.is/page/6643473</a>
1. febrúar 1801	Statistisk Tabelværk, Hft. 6, 1842, bls. 158-179. <a href="https://www.dst.dk/pubfile/20120/folk1840">https://www.dst.dk/pubfile/20120/folk1840</a>
2. febrúar 1835	Statistisk Tabelværk, Hft. 6, 1842, bls. 158-178. <a href="https://www.dst.dk/pubfile/20120/folk1840">https://www.dst.dk/pubfile/20120/folk1840</a>
2. nóvember 1840	Statistisk Tabelværk, Hft. 10, 1846, bls. 166-235. <a href="https://www.dst.dk/pubfile/20121/folk1845">https://www.dst.dk/pubfile/20121/folk1845</a>
2. nóvember 1845	Statistisk Tabelværk, Ny Rk. Bd.1, 1850, bls. 308-327. <a href="https://www.dst.dk/pubfile/19933/folk1850">https://www.dst.dk/pubfile/19933/folk1850</a>
1. febrúar 1850	Skýrslur um landshagi á Íslandi 1. bindi, 1858, bls. 1-49. <a href="https://timarit.is/page/4822384">https://timarit.is/page/4822384</a>
1. október 1855	Skýrslur um landshagi á Íslandi 1. bindi, 1858, bls. 405-479. <a href="https://timarit.is/page/4822790">https://timarit.is/page/4822790</a>
1. október 1860	Skýrslur um landshagi á Íslandi 3. bindi, 1866, bls. 45-167. <a href="https://timarit.is/page/4824186">https://timarit.is/page/4824186</a>
1. október 1870	Skýrslur um landshagi á Íslandi 5. bindi, 1875, bls. 233-362. <a href="https://timarit.is/page/4826212">https://timarit.is/page/4826212</a>
1. október 1880	Stjórnartíðindi fyrir Ísland, C-deild, 1884, bls. 12-63. <a href="https://timarit.is/page/6711482">https://timarit.is/page/6711482</a>
1. nóvember 1890	Stjórnartíðindi fyrir Ísland, C-deild, 1893, bls. 6-73. <a href="https://timarit.is/page/6712488">https://timarit.is/page/6712488</a>
1. nóvember 1901	Landshagsskýrslur fyrir Ísland, 1904, I, bls. 123-222. <a href="https://timarit.is/page/6447625">https://timarit.is/page/6447625</a>
1. desember 1910	Stjórnarráð Íslands, 1913. <a href="https://timarit.is/page/6649211">https://timarit.is/page/6649211</a>
1. desember 1920	Hagskýrslur Íslands 46, 1926-1928. <a href="https://timarit.is/page/6642399">https://timarit.is/page/6642399</a>
2. desember 1930	Hagskýrslur Íslands 92, 1937. <a href="https://timarit.is/page/6642639">https://timarit.is/page/6642639</a>
2. desember 1940	Hagskýrslur Íslands 122, 1949. <a href="https://timarit.is/page/6642881">https://timarit.is/page/6642881</a>
1. desember 1950	Hagskýrslur Íslands II, 18, 1958. <a href="https://timarit.is/page/6643193">https://timarit.is/page/6643193</a>
1. desember 1960	Hagskýrslur Íslands II, 47, 1969. <a href="https://timarit.is/page/6643637">https://timarit.is/page/6643637</a>
31. desember 2011	Hagtíðindi 2014:1, 3. júlí 2014. <a href="https://www.hagstofa.is/media/43800/hag_140703.pdf">https://www.hagstofa.is/media/43800/hag_140703.pdf</a>
1. janúar 2021	Hagtíðindi 2022:8, 14. nóvember 2022. <a href="https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/manntal/manntal-og-husnaedistal-1-januar-2021/">https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/manntal/manntal-og-husnaedistal-1-januar-2021/</a>

## 7. Viðaukar

### 7.1. Reglur um val á heimili

1. **Skráðir á eitt heimili:** Sé viðkomandi skráður á einungis eitt heimili héraðs er sú skráning látin gilda sem lögheimili.
2. **Búsettir erlendis:** Þeir sem eru búsettir erlendis fá sérmerkingu og eru ekki taldir með.
3. **Áhangendur:** Börn 0 – 15 ára skyldu staðsett hjá forráðamanni sínum (skv. fjölskyldukennitölu úr þjóðskrá)
4. **Langtímastofnun:** Sé aðeins eitt heimilið langtímastofnun skyldi viðkomandi staðsettur þar enda væntanlega kominn þangað til að vera
5. **Skammtímastofnun:** Sé eitt heimilið skammtímastofnun skal ekki staðsetja viðkomandi þar heldur á hinu eða öðru hinna ef heimilin eru þrjú.
6. **Maki á heimili:** Staðsetja skal viðkomandi á það heimili sem maki er skráður á með honum frekar en hinu heimilinu sem hann er skráður einn á.
7. **Barn á heimili yngri en 16 ára:** Staðsetja skal viðkomandi á það heimili sem börn hans yngri en 16 ára eru skráð á með honum frekar en hinu heimilinu sem hann er skráður einn á.
8. **Fastur vinnustaður:** Staðsetja viðkomandi á því heimili sem er nálægt föstum vinnustað. (Til eru upplýsingar um vinnustað 31. janúar 1980 og hvort viðkomandi var í sömu vinnu í apríl, júlí og nóvember, vinnustaður telst fastur ef viðkomandi vann á honum bæði í júlí og nóvember. Ekki kemur fram hvort fasta vinnan sé sú sama og hann var í 31. janúar þó það sé líklegt og gerir það þessa forsendu veikari en ella).
9. **Ástæða fyrir dvöl annars staðar:** Sé ástæða fyrir dvöl annars staðar frí eða skemmtiferð skal staðsetja viðkomandi þar sem hann segist hafa lögheimili. Sé viðkomandi einn og ástæða fyrir dvöl annars staðar er nám er hann staðsettur þar sem hann segist hafa lögheimili. En sé hann skráður með maka á báðum heimilum er hann staðsettur þar sem hann dvelur við nám enda séu meiri líkur til að hann stofni heimili með maka sínum en snúi aftur til föðurhúsa.
10. **Barn á heimili 16 ára eða eldra.** Segist viðkomandi búa með barni sínu á öðru heimili en ekki hinu er hann staðsettur á því heimili. Aðeins notað fyrir þá sem eru yngri en 60 ára. Sé viðkomandi eldri er talið alveg eins líklegt að hann sé að heimsækja uppvaxin börnin sín.
11. **Vinnustaður í viðmiðunarvikunni.** Staðsetja viðkomandi á því heimili sem er í nágrenni þess vinnustaðar sem hann sótti vinnu til í viðmiðunarvikunni 24.-31. janúar 1980.
12. **Einbúar:** Búi viðkomandi á öðru heimili með foreldrum, afa, ömmu, systkinum eða öðrum ættingjum en einn á hinum er hann staðsettur þar sem hann býr einn.
13. **Með maka en án ættingja:** Í sumum tilfellum er viðkomandi skráður með maka á tveimur heimilum en foreldrum, afa, ömmu systkinum eða öðrum ættingjum á aðeins öðru. Þá er viðkomandi staðsettur þar sem hann býr einn með maka.
14. **Með börnum en án ættingja:** Í þeim tilfellum þar sem er viðkomandi er skráður með barn á tveimur heimilum en foreldrum, afa, ömmu, systkinum eða öðrum ættingjum á aðeins öðru er viðkomandi staðsettur þar sem hann býr einn með börnum.
15. **Lögheimili:** Viðkomandi staðsettur á því heimili sem er það sama og lögheimili í þjóðskrá 1. des 1980. Fyrst er þetta gert þar sem allir 12 stafir eru eins (þ.e. sveitarfélag (4 stafir), gata (4 stafir) og húsnúmer (4 stafir)). Því næst þar sem fyrstu 8 stafir eru eins (sveitarfélag og gata) því skráningu húsnúmera ber ekki ætíð saman í þjóðskrá og manntali.

16. **Táningar – fluttir að heiman:** Búi unglingar með foreldrum á öðru heimilinu en einhverjum öðrum á hinu eru þeir staðsettir heima hjá foreldrum ef þeir eru 20 ára eða yngri en fjarri þeim ef þeir eru 21 árs eða eldri.
17. **Handvirkt:** Alltaf eru einhverjir eftir sem ekki er hægt að staðsetja með vélrænni aðferð. Hér eru þeir staðsettir handvirkt með hliðsjón af forsendunum að ofan.

## 7.2. Reglur til að vinna úr fjölskyldugögnum

Númer í fyrsta dálki vísar til keyrsluraðar.

### Makar – setja breytuna Maki = 0/1 og eða makanúmer

- 1 Allir fullorðnir sem deila með sér fjölskyldunúmeri úr þjóðskrá eru makar hins.
- 2 Makanúmer í óskráðri sambúð skv. þjóðskrá.
- 3 Makanúmer í óskráðri sambúð - létt á kröfum um sambúðarár.
- 4 Maki er ekki á heimilinu og val = 0: Maki = 1.
- 5 Makar í óskráðri sambúð, vensl í gegnum barnið, annað merkt með maka: Maki = 1.
- 6 Makar í óskráðri sambúð, maki ekki á staðnum en annar til taks, Maki = 1.
- 7 Flett upp í hjúskaparsögunni.
- 8 Makar í óskráðri sambúð, aðeins einn annar kemur til greina.
- 9 Makar hafa alltaf sama fjölskyldunúmer.
- 10 Allir sem hafa ekki maka á staðnum eru merktir með maki=0 ef maki=1.
- 18 Það er maki á heimilinu en sjálfur ekki merktur þannig: maki = 1.

### Foreldra- og barnavensl – breytt breytunum afkomandi = 0/1, faðir = 0/1, móðir = 0/1

- 11 Fólk í hjónabandi getur ekki verið með kjarnafjölskyldutengsl við foreldri. Ef svo er setja föður eða móður=0.
- 12 Einstaklingur sem deilir fjölskyldunúmeri með barni hefur afkomanda.
- 13 Hjón sem hafa börn með móður og föður hafa bæði afkomanda.
- 14 Einstaklingur sem á afkomanda getur ekki átt í kjarnafjölskyldutengslum við föður eða móður.
- 15 Enginn einstaklingur er á heimilinu sem getur verið afkomandi viðkomandi: afkomandi = 0.
- 16 Enginn einstaklingur er á heimilinu sem getur verið faðir viðkomandi: fadir = 0.
- 17 Enginn einstaklingur er á heimilinu sem getur verið móðir viðkomandi: modir =0.
- 19 Öllum þörum án afkomenda er tryggt sérstakt fjölskyldunúmer.

### Tengja einstaklinga með fjölskyldunúmeri

- 20 Ekki allir makar hafa sama fjölskyldunúmer og makinn og afkomendur: sameina fjölskyldunúmer.
- 21 Öllum fjölskyldum sem aðgreindar eru með fjölskyldunúmeri skal tryggt slíkt fjölskyldunúmer.

- 22 Öllum sem deila fjölskyldunúmeri (og skiptast ekki á fjölskyldunúmer) er úthlutað sama fjölskyldunúmeri.
- 23 Ekki með fjölskyldunúmer og deila ekki [fjölskylda] með öðrum.
- 24 Kjarnafjölskylda ein á heimili/vali, þar eða þar + börn beggja eða annars hvors.
- 25 Kjarnafjölskylda, einstæðir foreldrar með börn ein á heimili/vali.
- 26 16 og 17 ára geta fengið fjölskyldunúmer sem þekkt er úr forráðatöflunni.
- 27 16 og 17 ára fá fjölskyldunúmer einstæðrar móður.
- 28 16 og 17 ára fá fjölskyldunúmer einstæðs föður.
- 29 Þeir sem ekki hafa tengst með venslagögnum sem hafa verið sett saman fyrir manntalið 2021 (foreldrar/börn, makar) og hafa engin kjarnafjölskyldutengsl að eigin sögn eru ekki í fjölskyldu.
- 30 Þriðja kynslóð inni í annarri fjölskyldu skilin frá.
- 31 Afkomendalaus þör innan annarar fjölskyldu skilin frá.
- 32 Óskráðir útlendingar sem skaffa gildi fyrir [fjölskylda] þarf að breyta í jákvætt gildi.
- 33 Eldri börn sem hafa föður og móður eru tengd við hjón ef aðeins ein hjón eru í íbúð/vali sem eiga afkomendur.
- 34 Eldri börn sem hafa móður en ekki föður eru tengd við móður ef aðeins ein er í íbúð/vali sem á afkomendur.
- 35 Eldri börn sem hafa föður en ekki móður eru tengd við föður ef aðeins einn er í íbúð/vali sem á afkomendur.
- 36 Ef fleiri en eitt þar sem kemur til greina, nota aldursmun til að finna það rétta.
- 37 Makar með afkomendur en ekkert barn tengist þeim enn. Aðeins eitt þar kemur til greina.
- 38 Ótengdir afkomendur sem eiga systkini taka mið af öðrum systkinum á heimili með sama tengslamynstur.

### Ýmsar lagfæringar

- 39 Móðir í miðju þriggja kynslóða sem ekki hefur fengið úthlutað barni, aðeins ein kemur til greina.
- 40 Faðir í miðju þriggja kynslóða sem ekki hefur fengið úthlutað barni, aðeins einn kemur til greina.
- 41 Móðir sem ekki hefur fengið úthlutað barni, aðeins ein kemur til greina.
- 42 Faðir sem ekki hefur fengið úthlutað barni, aðeins einn kemur til greina.
- 43 Móðir sem ekki hefur fengið úthlutað barni, aðeins ein kemur til greina.
- 44 Bara systkini á heimili: allir einstæðingar.
- 45 Það er ekkert foreldri á réttum aldri á heimilinu til að geta verið foreldri viðkomandi (meira en 10 árum eldri og minna en 55 árum yngri).
- 46 Ef mikill aldursmunur er á milli barns og einstaklings á heimilinu sem er skráður sem foreldri, er á skikkanlegum aldri (16-60 ára) og aldursmunur þess og barnsins eðlilegur (11-55) er fjölskyldum beggja breytt.
- 47 Ef aldursmunur á milli barns og móður >52 og barns og föður >60 eða barn á langforeldra þá er barnið flokkað sem þriðju kynslóðar barn.
- 48 "Of ungir foreldrar" - fjarlægja of gamla "barnið".



Manntal 31. janúar 1981

**EINSTAKLINGSSKÝRSLA, 2. hlíð**

14	Hvaðan hafðir þú framfærni þitt 1980? Settu kross við mikilvægasta þáttinn.	<input type="checkbox"/> Já → <input type="checkbox"/> Nei →	Tekjur af eigin vinnu <input type="checkbox"/> eða annarra, t.d. maka eða foreldra	Lífeyrir, trygginga- <input type="checkbox"/> bætur, eigin eða annarra	Stýrki, lán, eignir, <input type="checkbox"/> leigu- og eignatekju- ur, eigin eða annarra
15	Varst þú í lífeyrissjóði 1980 eða fékkst þú lífeyri úr lífeyrissjóði? Vannst þú fyrir tekjum 3 vikum (120 klst.) eða lengur á árinu 1980? Hér glidur það sama og í 10. lið um, hvað ber að telja vinnu fyrir tekjum.	<input type="checkbox"/> Já → <input type="checkbox"/> Nei →	Hvaða lífeyrissjóði/sjóðum? Vannst þú fyrir tekjum allt árið 1980? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Greiddir þú lífeyrissjóð? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Fékkst þú lífeyri úr sjóði? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
16	Varst þú í lífeyrissjóði 1980 eða fékkst þú lífeyri úr lífeyrissjóði? Vannst þú fyrir tekjum mánuði? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	<input type="checkbox"/> Já → <input type="checkbox"/> Nei →	Vannst þú frá vinnu vegna veikinda á árinu 1980? <input type="checkbox"/> Nei, aldrei <input type="checkbox"/> Já, 1 dag til 2 vikur <input type="checkbox"/> Já, 15 daga til 4 vikur <input type="checkbox"/> Já, meira en 4 vikur	Greiddir þú lífeyrissjóð? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	Fékkst þú lífeyri úr sjóði? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei

**Þeir sem merktu við „Nei“ við fyrstu spurningu í 16. lið (þ.e. unnu ekki fyrir tekjur um 3 vikur eða lengur) svara ekki því sem eftir er**

17	Hver var atvinna þín 1980? Þetta upplýsir þú með því að svara spurningunum hér til hægri. Komi fleira til greina, skalt þú tilgreina þá atvinnu, sem þú stundaðir lengst á árinu sem aðalátvinnu. <i>Hjá hverjum vannst þú?</i> Skrifðu eftir því sem við á: Nafn þitt, ef þú rekur sjálfstæða starfsemi, eða nafn einstaklings, félags, fyrirtækis, stofnunar e. þ. h., sem þú vannst hjá. <i>Við hvað vannst þú?</i> Hér þarf að tilgreina nákvæmlega, hvers konar starf þú inntir af hendi. <i>Dæmi:</i> Húsgagnasmíði (ekki: Trésmíði), Handlang við múrverk (ekki: Verkamannavinna eða Byggingarvinna), Vélfritun (ekki: Skrifstofustörf), Afgreiðsla í vefnaðarvöruslun (ekki: Væslunarstörf).	Hjá hverjum vannst þú? Í hvaða deild ef það á við? Hvar var vinnustaðurinn? (Gata og húsnúmer eða heiti, svo og sveitarfélag) Hvert var starfsheiti þitt? Við hvað vannst þú?	Stundaðir þú þessa atvinnu sem <input type="checkbox"/> atvinnurekandi með aðkeypta vinnu sem svarar minnst 3 mán. á árinu? <input type="checkbox"/> einyrki? <input type="checkbox"/> launþegi skv. uppstillingu, bónus- eða premiúkerfi, eða sem hefur hlut? <input type="checkbox"/> launþegi á annars konar launum?	Hve langan vinnudag vannst þú? Stundaðir þú þessa atvinnu í Vinnu- staður? Hvað unnið?	Fullan eða lengri Hálfan eða lengri, ekki fullan Minna en hálfan márs? júlí? nóvember? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
18	Skiptir þú um aðalátvinnu á árinu 1980? Hafir þú stundað aðra atvinnu í orlofi þínu, telst það ekki hér, heldur fellur það undir aukaátvinnu í 19. lið.  Tilgreindu þá hér hve oft þú skiptir um aðalátvinnu á árinu..... skipti, og greindu síðan, á sama hátt og í 17. lið, frá þeirri atvinnu, sem þú stundaðir næstlengst sem aðalátvinnu 1980.	Hjá hverjum unnið? Deild? Starfs- heiti? Stundaðir þú þessa atvinnu sem <input type="checkbox"/> atvinnurekandi með aðkeypta vinnu sem svarar minnst 3 mán. á árinu? <input type="checkbox"/> einyrki? <input type="checkbox"/> launþegi skv. uppstillingu, bónus- eða premiúkerfi, eða sem hefur hlut? <input type="checkbox"/> launþegi á annars konar launum?	Hve langan vinnudag vannst þú? Stundaðir þú þessa atvinnu í Vinnu- staður? Hvað unnið?	Fullan eða lengri Hálfan eða lengri, ekki fullan Minna en hálfan márs? júlí? nóvember? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	
					Stundaðir þú aukaátvinnu sem nam 120 klukkustundum eða meira á árinu 1980? Settu kross við bæði „jái“ ef það á við, og greindu síðan frá þeirri aukaátvinnu sem þú stundaðir flestar klukkustundir á árinu.
19	Já, jafnframt aðalátvinnu → Já, í orlofi frá aðalátvinnu → Nei →	Hjá hverjum unnið? Deild? Starfs- heiti? Stundaðir þú þessa atvinnu sem <input type="checkbox"/> atvinnurekandi með aðkeypta vinnu sem svarar minnst 3 mán. á árinu? <input type="checkbox"/> einyrki?	Hve langan vinnudag vannst þú? Stundaðir þú þessa atvinnu í Vinnu- staður? Hvað unnið?	Fullan eða lengri Hálfan eða lengri, ekki fullan Minna en hálfan márs? júlí? nóvember? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	
					Stundaðir þú aukaátvinnu sem nam 120 klukkustundum eða meira á árinu 1980? Settu kross við bæði „jái“ ef það á við, og greindu síðan frá þeirri aukaátvinnu sem þú stundaðir flestar klukkustundir á árinu.

Samkvæmt manntalsögum, nr. 76 19. des. 1980, skal fara með allar manntalsupplýsingar um einkahagi fólks sem trúnaðarmál. Teljarar og aðrir starfsmenn við framkvæmd manntalsins eru bundnir þagnarskyldu. Sama er að segja um starfslið Hagstofu, sem vinnur úr manntalinu.

Sími

Undirskrift þess, sem veitir upplýsingarnar

Dagsetning



**HÚSSKÝRSLA**  
**Manntal 31. janúar 1981**  
 Hagstofa Íslands

\_\_\_\_\_

Húsið \_\_\_\_\_

i \_\_\_\_\_ (sveitarfélag)

**Hlið 1: Íbúðir og vistarverur í húsinu og umráðamenn þeirra**

Skýrslu þessa skal gera um öll hús, sem búið er í 31. janúar 1981, svo og öll hús, sem ætluð eru til íbúðar að einhverju eða öllu leyti, en ekki er búið í á manntalsdegi. Sé hús í eign eins aðila, ber honum að gera skýrsluna. Sé hús í eign fleiri en eins aðila og húsfélag er í því, ber fyrirsvarsmanni þess að gera hana, en sé það án húsfélags, skal íbúðarhafi á fyrstu hæð hússins gera skýrsluna. Ef ekki er búið á fyrstu hæð, skal íbúðarhafi á næstu hæð, sem búið er á þar fyrir ofan, gera skýrsluna, eða íbúðarhafi í kjallara, ef svo ber undir. Íbúðarhafi, sem fær þetta skýrslueyðublað afhent, skal koma því í hendur eiganda eða fyrirsvarsmanns húsfélags, nema honum sjálfum beri að gera skýrsluna samkvæmt framangreindu. — Eigandi eða eigendur húss, sem að einhverju eða öllu leyti er ætlað til íbúðar, en ekki er búið í á manntalsdegi, skal gera þessa skýrslu um það. — Sá, sem gerir skýrslu þessa, skal skila henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981. — Sjá 6. gr. laga nr. 76 19. desember 1980 um manntal 31. janúar 1981.

Teljaranúmer \_\_\_\_\_

Í húsinu er ein íbúð  Í húsinu eru eftirtaldar íbúðir og vistarverur:

Tilgreinið hér, hvornig íbúðirnar eða vistarverurnar eru auðkenndar, séu þær fleiri en ein á hæð. Skrifðið til dæmis: til vinstri, 3-A, 4/1 eða þess háttar. Tilgreinið á viðeigandi hæð allar vistarverur utan íbúðar, ef um þær er að ræða

Hæð í húsinu	Umráðamaður/menn íbúðar eða vistarveru
Setjið kross: <input type="checkbox"/> Kjallari <input type="checkbox"/> Jarðhæð, ef hún telst ekki 1. hæð	
<b>1. hæð</b>	
<b>2. hæð</b>	
<b>3. hæð</b>	
<b>4. hæð</b>	
<b>5. hæð</b>	
<b>6. hæð</b>	

Lýsing húss og undirskrift á bakhlið

**HÚSSKÝRSLA**

**Manttal 31. janúar 1981**

Hagstofa Íslands

**Hús:** Hver sú bygging, sem tölusett er við götu, þar sérstakt heiti eða hefur annað eigið aukenni, telst vera sérstakt hús. Enn fremur telst hver sú hluti sambyggingar, sem hefur eigin aðalinnangang, sérstakt hús, þótt það hafi ekki eigið númer eða annað aukenni. Þó teljast stórbyggingar, sem eru ekki venjuleg íbúðarhús, t. d. skólar og sjúkrahús, eitt hús, þótt aðalinnangangur séu fleiri en einn.

**SKÝRINGAR**

- 1 1** og **1 2** Teljast eina einbýlishús, þarhús, raðhús eða keðjuhús öll hús sem svo eru kölluð, enda þótt um geti verið að ræða hús með svokallaðri aukabúð: lítilli íbúð með meiri eða minni tengslum við aðalíbúð hússins.
- 1 1** og **1 3** Sérstætt er hús, ef útteggjar þess ná hvergi að útteggjum annars húss.

**1 8** Þarna skal t. d. flokka sumarbústaði, vinnuskála og hús, sem eru ekki og hafa ekki verið ætluð til íbúðar, enda þótt þar sé búð 31. janúar 1981.

**4** Hér skal miða við, hvenær byggingu hússins var svo langt komið, að heimingur þess væri hæfur til íbúðar. Ekki skal taka tillit til viðbyggingar eða endurbyggingar síðar.

**6** Um kjallara er að ræða, ef gólf neðsta hæðar hússins er að meiri hluta lægra en landið umhverfis. Telja skal hús kjallaraalaust, ef kjallari er aðeins undir hálfu húsinu eða minni og ekkert íbúðarherbergi er þar.

**7** Hæð í húsi telst rishæð, ef meiri hluti herbergja á henni (eðhús meðalið) er undirstöð eða með kvist, enda séu eitt eða fleiri íbúðarherbergi á hæðinni. Slik hæð í húsi telst rishæð, hvort sem búð er á henni eða ekki. — Hana-þjálkaloft og þviumlíft telst ekki rishæð.

Samkvæmt manntalögum, nr. 76 19. des. 1980, skal fara með allar manntalsupplýsingar um einkahagi fólks sem trúnaðarmál. Teljarar og aðrir starfsmenn við framkvæmd manntalsins eru bundnir þagnarskyldu. Sama er að segja um starfslið Hagstofu, sem vinnur úr manntalini.

**Hlið 2: Lýsing húss**

Húsið \_\_\_\_\_  
(Sveitarfélag)

<b>1</b>	Hverjar gerðar er húsið?	<input type="checkbox"/> Sérstætt einbýlishús <input type="checkbox"/> Parhús, raðhús, keðjuhús <input type="checkbox"/> Sérstætt fjölbýlishús <input type="checkbox"/> Fjölbýlishús, ekki sérstætt <input type="checkbox"/> Hús, sem er að meiri hluta eða að öllu leyti notað til annars en íbúðar	<input type="checkbox"/> 6 <input type="checkbox"/> Ellihelminni eða annað heimili til ótímabundinnar dvalar <input type="checkbox"/> 7 <input type="checkbox"/> Gistihús, heimavistarhús, sjúkrahús eða annars konar skamm-dvalarheimili <input type="checkbox"/> 8 <input type="checkbox"/> Hús annarrar gerðar, hverrar?
<b>2</b>	Til hvers er húsið notað?	<input type="checkbox"/> Ekki til íbúðar <input type="checkbox"/> Til íbúðar og annars <input type="checkbox"/> Til íbúðar eingöngu	Til hvers annars og að hve miklum hluta hér um bil miðað við rúmmál?
<b>3</b>	Úr hverju eru útteggjar hússins ofan kjallara?	<input type="checkbox"/> 1 <input type="checkbox"/> Steinsteypu <input type="checkbox"/> 2 <input type="checkbox"/> Hleðslusteinum <input type="checkbox"/> 3 <input type="checkbox"/> Timbri	<input type="checkbox"/> Öðru efni, hverju?
<b>4</b>	Hvenær var húsið byggt?	<input type="checkbox"/> 1 <input type="checkbox"/> 1920 eða fyrr <input type="checkbox"/> 2 <input type="checkbox"/> 1921—40 <input type="checkbox"/> 3 <input type="checkbox"/> 1941—60 <input type="checkbox"/> 4 <input type="checkbox"/> 1951—60	<input type="checkbox"/> 5 <input type="checkbox"/> 1971—75 <input type="checkbox"/> 6 <input type="checkbox"/> 1966—70 <input type="checkbox"/> 8 <input type="checkbox"/> 1976—81
<b>5</b>	Hve margar hæðir eru í húsinu fyrir utan kjallara og ris?	Hve margar hæðir eru í húsinu fyrir utan kjallara og ris? Athugið að telja jarðhæð með, en um hana er að ræða þegar neðsta hæð, sem er ekki kjallari, telst ekki 1. hæð.	
<b>6</b>	Er kjallari í húsinu?	<input type="checkbox"/> 1 <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> 20 <input type="checkbox"/> Nei	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Hve bergið þar? <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> mörög? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Hve bergið þar? <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> mörög?
<b>7</b>	Er ris í húsinu?	<input type="checkbox"/> 1 <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> 20 <input type="checkbox"/> Nei	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Hve mörög þar? <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> mörög?
<b>8</b>	Er lyfta í húsinu?	<input type="checkbox"/> 1 <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> 2 <input type="checkbox"/> Nei	
<b>9</b>	Er íbúðarherbergi í húsinu, sem tilheyrir ekki neinni tiltekinni íbúð?	<input type="checkbox"/> 1 <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> 20 <input type="checkbox"/> Nei	Hve margar íbúðir eru í húsinu? Hve mörög slík herbergi eru í húsinu?
<b>10</b>	Hvað er notað til upphitunar?	<input type="checkbox"/> 1 <input type="checkbox"/> Jarðvarmi frá almenningssveitu <input type="checkbox"/> 2 <input type="checkbox"/> Jarðvarmi frá einkaveitu <input type="checkbox"/> 3 <input type="checkbox"/> Heitt vatn frá fjarvarmaveitu	<input type="checkbox"/> 4 <input type="checkbox"/> Ráfmagn <input type="checkbox"/> 5 <input type="checkbox"/> Olla <input type="checkbox"/> Annað, hvað?
<b>11</b>	Er ráfmagn leitt í húsið?	Frá almenningssveitu	Ekkert
<b>12</b>	Er vatn leitt í húsið?	Frá almenningssveitu	<input type="checkbox"/> 3 <input type="checkbox"/> Ráfmagn <input type="checkbox"/> 3 <input type="checkbox"/> vatn
<b>13</b>	Er skolp leitt frá húsinu?	Frá almenningssveitu	Engin
<b>14</b>	Hver annast sorphreinsun frá húsinu?	Sveitarfélag eða aðili	Húsráðendur eða aðili
<b>15</b>		<input type="checkbox"/> 1 <input type="checkbox"/> á vegum þess	<input type="checkbox"/> 2 <input type="checkbox"/> á vegum þeirra

Dagsetning \_\_\_\_\_ Undirskrift þess, sem veitir upplýsingarnar \_\_\_\_\_ Sími \_\_\_\_\_





**ÍBÚÐARSKÝRSLA**

**Manntal 31. janúar 1981**

**Hagstofa Íslands**

Íbúð er það samsafn herbergja (getur þó verið eitt herbergi) á einni eða fleiri hæðum, sem byggingarlega eru ætluð til íbúðar fyrir eitt heimili (þótt stundum séu fleiri en eitt heimili í íbúð), að jafnaði með sérstöku eldhúsi eða eldunaraðstöðu. Herbergi, sem fylgja íbúðinni en geta ekki talist eðlilegur hluti hennar vegna einangrunar eða fjarlægðar frá henni, skal tilgreina í 5. lið, en ekki telja þau sérstaka íbúð.

**SKÝRINGAR**

- 3 Þarna merkja t. d. þeir, sem leigja eða hafa endurgjaldslaust húsnæði í eign venslamma.
- 4 Íbúð telst vera í kjallara, ef gólf hennar er að meiri hluta lægra en landið umhverfis.
- 5 Íbúð telst vera í risi, ef meiri hluti herbergja í henni (eldhús meðaltíð) er undir súð eða með kvist.
- 6 Herbergi merkir hér húsrúm með minnst 4ra fermetra gólflið. Aðeins eiginleg iveruherbergi teljast herbergi í þessu sambandi, svo sem dagstofa, skáli, borðstofa, svefnherbergi o. fl. Sérstök athygli er vakin á því, að húsrúm, sem að hluta er ætlað til að gegna hlutverki borðstofu og að hluta til að vera dagstofa, telst 2 herbergi, þótt ekki sé skilur milli hvors um sig. — Eldhús og baðherbergi teljast ekki herbergi, og ekki gangar, forstofa, þvottaherbergi, geymslur o. fl. Sama glidir um allt annað húsrúm, sem hefur gólflið minni en 4 fermetrar.
- 7 Þarna er átt við hvers konar bifreið, sem hlutaðeigendur hafa til eigin umráða, hvort sem hún er í þeirra eign, ættingja, atvinnurekenda eða annarra.

Samkvæmt manntalslögum, nr. 76/19. des. 1980, skal fara með allar manntalsupplýsingar um einkahagi fólks sem trúnaðarmál. Teljarar og aðrir starfsmenn við framkvæmd manntalsins eru bundnir þagnarskyldu. Sama er að segja um starfslíb Hagstofu, sem vinnur úr manntalinu.

**Hlið 2:  
Lýsing íbúðar og búnaðar í henni**

(hverjig auðkennð eða hvar í húsinu og hvar á hæð)  
Íbúðin/íbúð \_\_\_\_\_  
(tilgreinið sveitarfélag)  
í húsinu \_\_\_\_\_

<b>1</b>	Umráðamaður/menni íbúðarinnar			Nafnnúmer	
<b>2</b>	Eigandi/eigendur íbúðarinnar				
<b>3</b>	Hvernig er umráðum íbúðarinnar varið?	Umráðamaður/menn 1 <input type="checkbox"/> eiga íbúðina (skriflið þá nafnnúmer hans/þeirra) 2 <input type="checkbox"/> byggja leigujörð, húsnæðið fylgir ábúð 3 <input type="checkbox"/> leigja hjá vinnuveitanda, húsnæðið fylgir atvinnu 4 <input type="checkbox"/> leigja hjá opinberum aðila (t. d. sveitarfélagi) 5 <input type="checkbox"/> leigja hjá öðrum, ekki á almennum húsaleigumarkaði 6 <input type="checkbox"/> leigja á almennum húsaleigumarkaði			
<b>4</b>	Hvar er íbúðin í húsinu?	1 <input type="checkbox"/> Á _____ hæð	2 <input type="checkbox"/> Í kjallara	3 <input type="checkbox"/> Í risi	
<b>5</b>	Hvar er tala herbergja í íbúðinni?	Herbergi innan dýra í íbúðinni og forstofu-herbergi	Herbergi, sem íbúðarhafti ræður yfir utan hinnar eiginlegu íbúðar	Af öllum herbergjum: Ef leigjandi býr í hluta íbúðarinnar um: Notuð ein- Herbergi notuð af leigjanda/leigjendum. Ef leigjandi er enginn: Skriflið 0	
<b>6</b>	Hvaða eldunaraðstöða er í íbúðinni?	1 <input type="checkbox"/> Eldhús	2 <input type="checkbox"/> Eldunarkrúkur eða eldunarveggur	3 <input type="checkbox"/> Engin eldunaraðstöða	
<b>7</b>	Hvaða orka er notuð til matseldar?	1 <input type="checkbox"/> Rafmagn	2 <input type="checkbox"/> Önnur orka, hver?	3 <input type="checkbox"/> Engin matseld	
<b>8</b>	Hvernig er hreinlætis- og þvottaaðstöðu varið?	Vatnssalerni Steyplabáð Báðker Gufubáð/sauna Þvottavél Þurrkari	Sérstaklega fyrir 1 <input type="checkbox"/> Íbúðina 2 <input type="checkbox"/> " " 3 <input type="checkbox"/> " " 4 <input type="checkbox"/> " " 5 <input type="checkbox"/> " " 6 <input type="checkbox"/> " "	Sameiginlega með öðrum íbúðum Ekki fyrir hendi 3 <input type="checkbox"/> " " 3 <input type="checkbox"/> " " 3 <input type="checkbox"/> " " 3 <input type="checkbox"/> " " 3 <input type="checkbox"/> " "	
<b>9</b>	Eru eftirtalin tæki í íbúðinni? *Í íbúðinni eða í geymslum?	Kælskápur *Frystiskápur, frystikista eða frystiklefi Uppþvottavél Sími Sjónvarpsviðtæki	1 <input type="checkbox"/> Já 1 <input type="checkbox"/> Já 1 <input type="checkbox"/> Já 1 <input type="checkbox"/> Já 1 <input type="checkbox"/> Já	2 <input type="checkbox"/> Nei 2 <input type="checkbox"/> Nei 2 <input type="checkbox"/> Nei 2 <input type="checkbox"/> Nei 2 <input type="checkbox"/> Nei	
<b>10</b>	Hafa þeir, sem elga heima í íbúðinni eða dveljast þar, umráð yfir bifreið til einkanota?	1 <input type="checkbox"/> Já, 1 bifreið 2 <input type="checkbox"/> Já, 2 bifreiðum	3 <input type="checkbox"/> Já, 3 bifreiðum eða fleiri 4 <input type="checkbox"/> Nei		

Dagsetning \_\_\_\_\_ Undirskrift þess, sem veitir upplýsingarnar \_\_\_\_\_ Sími \_\_\_\_\_

## Hagtíðindi Greinargerð

Statistical Series *Working papers*

108 árg. ♦ 5. tbl. 12. september 2023

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision* Ómar Harðarson ♦ Omar.Hardarson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) ♦ [www.statice.is](http://www.statice.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*